MOSFELLINGUR

7. tbl. 9. árg. miðvikudagur 12. maí 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Mynd/Hilmar

Hjúkrunarheimili rís við Hlaðhamra í Mosfellsbæ

LOKSINS

Framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili á Hlaðhömrum hefjast í sumar og er stefnt að því að taka það í notkun vorið 2012. Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, undirrituðu samning þess efnis 23. apríl. Samningurinn gerir ráð fyrir því að Mosfellsbær taki að sér að hanna og byggja 30 rýma hjúkrunarheimili við Hlaðhamra í Mosfellsbæ og leggi jafnframt til lóð undir bygginguna. „Langþráður draumur Mosfellinga er að rætast," segir Haraldur bæjarstjóri en bæjaryfirvöld hafa frá árinu 1998 leitað samþykkis ráðuneytisins um heimild til byggingar og reksturs hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ.

» 4

EIGN VIKUNNAR

Litlikriki

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Glæsilegt 278,9 m2 einbýlishús á þremur pöllum með tvöföldum bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Falleg gólfefni og glæsilegar innréttingar. **V. 68,5 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf
Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

ÁGS VOTTUÐ ÞJÓNUSTA

Þjónustuverkstæði
útvegum bílaleigubíla

Ný CABAS tjónaskoðun

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi **Upplag:** 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út 28. maí

Biðin loks á enda

Hjúkrunarheimili rís nú loks í Mosfellsbæ og sér þá loks fyrir endann á áralangri baráttu um bætta aðstöðu aldraða. Fólk hefur jafnvel verið slitið upp frá rótum

og þurft að eyða síðustu árum ævinnar langt frá heimahögum. Flutt hreppaflutningum. Börn eiga frátekið pláss í skólanum og þannig ætti það einnig að vera með eldra fólkið. Skóla-hljóm-sveitin og Karlakór Kjalnesinga héldu tónleika fyrir nokkrum árum og vöktu athygli á málstaðnum. Kvenfélagið stóð fyrir undirskrifta-söfnum sem afhentur var þáver-andi heilbrigðisráðherra. Nú sér fyrir endann á baráttunni.

Stuðningsmannafélagið Rot-höggið hefur farið hamförum á heimaleikjum Aftureldingar í handbolta. Önnur eins stemming hefur vart sést síðan á gullaldar-árunum. Öll umgjörð er nú klár og bæjarbúar virkilega spenntir. Strákarnir hafa verið efnilegir í fleiri ár. Nú er kominn tími til að sanna sig á ný í efstu deild.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

www.isfugl.is

Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Urðir heitir klettaholtið sunnan Þverholts, en svona var útsýnið þaðan til norðausturs á hernáms-árunum. Á svæðinu næst okkur er nú miðbær Mosfellsbæjar. Kampurinn hét Yeomanry House Camp og var í landi Varmár. Til að staðsetja svæðið við daginn í dag, þá afmarkaðist það af götunum Markholti, Skeiðholti og Þverholti. Örnefnið Krókur var á vegamótum,þar sem afleggjari frá þjóðveginum lá að býlinu Varmá. Á þeim slóðum stendur hús sem Póstur og sími reisti þar seinna.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson

1 *Hitaveitustokkur.* **2** *Varmárbærinn,en þar er Varmárskóli í dag.* **3** *Ásar, en þar sér móta fyrir Helgafell Hospital Camp. Kampurinn náði langleiðina frá Þingvallavegamótum upp á Ása og niður að Köldukvísl. Á spítalanum voru um eitt þúsund sjúkrarými og var eitt fullkomnasta sjúkrahús í Evrópu á þeim tíma.* **4** *Mosfell* **5** *Helgafell* **6** *White Horse Camp í Helgafellslandi náði frá Ullarnesi vestan þjóðvegar og á það svæði sem Ásland, Brekkuland og Helgaland eru nú.*

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

matarlist.is

Kíktu inn á www.matarlist.is til að kíkja á frábærar uppskriftir og hugmyndir varðandi matargerð og matarmenningu.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080
www.fastmos.is

Skólabraut - 270 Mosfellsbær

160,9 m2 einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólabraut. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburverönd og fallegu útsýni.

V. 39,2 m.

Kvíslartunga - 270 Mosfellsbær

Fallegt 242,6 m2 parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu. Á jarðhæð er forstofa, eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni og bílskúr. Á annari hæðinni eru 3 barnaherb., gott hjónaherb., þvottahús og stórt baðherb. með risasturtuklefa. Húsið stendur innst í botnlanga með útsýni til austurs, suðurs og vesturs.
V. 47,5 m.

Laxatunga - 270 Mosfellsbær

Fallegt 204 m2 parhús á einni hæð við Laxatungu. Húsið er staðsteypt og samkvæmt teikningu á það að vera einangrað að utan. Rafmagnsdósir eru komnar í steypta veggi og loft. Gert er ráð fyrir gólfhita í húsinu. Húsið skilast í því ástandi sem það er í dag. Áhvílandi eru ca. 19.850.000 kr lán frá íbúðalánasjóði.
V. 31,9 m.

Súluhöfði - 270 Mosfellsbær

Sérlega glæsileg 94,1 m2 neðri sérhæð - jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla. Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgirt timburverönd með skjólgirðingu. Topp eign á besta stað. **Lækkað verð!**
V. 24,9 m.

Blikahöfði - 270 Mosfellsbær

Fallegt 143,2 m2 endaraðhús með bílskúr á stórri hornlóð við Blikahöfða. Húsið skiptist í forstofu, hol, hjónaherb. m/fataherb, baðherb., þvottahús, tvö barnaherb., borðstofu/herbergi, stofu og eldhús. Í bílskúrnum er gott milliloft.
V. 36,9 m.

Tröllateigur - 270 Mosfellsbær

Falleg 4ra herbergja, 100,7 m2 íbúð á annari hæð í fjölbýlishúsi við Tröllateig. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherb. með baðkari og sturtu, þvottahús, þrjú svefnherb., eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir einnig 7,2 m2 sérgeymsla. Þetta er falleg eign miðsvæðis í Mosfellsbænum.
V. 24,9 m.

Litlikriki 2 - 270 Mosfellsbær

Mjög falleg 4ra herbergja, 156,5 m2 íbúð á 1. hæð ásamt 35,3 m2 bílskúr í 3ja hæða í lyftuhúsi við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með sturtuklefa og baðkari, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðin er rúmgóð og falleg með glæsilegum innréttingum frá Axis. Gólfefni eru plankaparket úr hnotu og flísar. Svalir og sér garður.
V. 36,9 m.

Stórikriki 2 - 270 Mosfellsbær

Glæsilegar og rúmgóðar 2-4ra herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða lyftuhúsi með bílakjallara við Stórakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með fallegum innréttingum. Bílastæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum.
Verð frá 18,9 m.

Fálkahöfði - 270 Mosfellsbær

Falleg og björt 104,6 m2, 3ja herb. endaíbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli með glæsilegu útsýni við Fálkahöfða. Íbúðin skiptist í fortofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, hjónaherb., barnaherb. og baðherb. með sturtuklefa og baðkari.
V. 22,9 m.

Klapparhlíð - 270 Mosfellsbær

Falleg 2ja herbergja 64,9 m2 íbúð með séringangi og timburverönd á jarðhæð í þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús. Íbúðinni fylgir 7,2 m2 sérgeymsla. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og World Class, sem og á golfvöll Mosfellsbæjar.
V. 16,9 m.

Hjarðarholt - Meðalfellsvatn

Fallegt 88,0 m2 einbýlishús á 3.000 m2 útsýnislóð rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skipist í forstofu, tvo góð herbergi með kojum, hjónaherbergi, baðherbergi með sturtu, eldhús og stofu. Stór verönd er við húsið að sunnan og vestanverðu og lóðin er gróin og falleg. Mjög mikið útsýni er frá húsinu.
V. 25,9 m.

Eyjafell - Meðalfellsvatn

Mjög vel staðsettur 75,1 m2 sumarbústaður við Eyjafell undir hlíð innanvert rétt við Meðalfellsvatn. Húsið stendur á gróinni 2.250 m2 eignarlóð með fallegu útsýni. Stórar verandir eru í kringum húsið með heitum pott.
V. 15,0 m.

Dælisárvegur - Meðalfellsvatn

60,8 m2 sumarbústaður við Dælisárveg 1 í landi Meðalfells, rétt við Meðalfellsvatn í Kjósinni. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi m/sturtu, tvö svefnherbergi, stofu, eldhús og risloft. Á landinu er einni lítill vinnuskúr, sem ekki er skráður í Fasteignaskrá Íslands.
V. 13,9 m.

Íbúahreyfingin býður fram lista

Hópur íbúa í Mosfellsbæ hefur ákveðið að bjóða fram í komandi sveitarstjórnakosningum undir formerkjum Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ. Helstu áherslur Íbúahreyfingarinnar eru aukið íbúalýðræði, fagleg, heiðarleg og gagnsæ stjórnsýsla, valddreifing, ábyrg fjármálastefna og jafnrétti
Listinn er svo skipaður:
1. Jón Jósef Bjarnason, ráðgjafi
2. Þórður Björn Sigurðsson, mannfræðingur
3. Birta Jóhannesdóttir, klíníkur tannsmiður
4. Hildur Margrétardóttir, myndlistarkona
5. Guðlaugur Hrafn Ólafsson, lögfræðinemi
6. Soffía Alice Sigurðardóttir, leiðsögumaður
7. Guðbjörg Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur,

Ungmennaþing Samfylkingarinnar

Þann 14. apríl var haldið Ungmennaþing á vegum Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ. Var vel mætt og margt rætt. Öllum er hollt að hlusta á hvað ungmennin hafa að segja enda eru krakkarnir full af hugmyndum og skoðunum. Fundurinn fór fram í húsakynnum flokksins í Þverholti.

Árni Páll Árnason ráðherra og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri handsala samning.

Tölvuteikning séð úr norðri. Gert er ráð fyrir að Mosfellsbær taki að sér að hanna og byggja 30 rýma hjúkrunarheimili við Hlaðhamra sem tekið verði í notkun vorið 2012.

Undirritun samnings um byggingu hjúkrunarheimilis við Hlaðhamra

Langþráður draumur að rætast

Félags- og tryggingamálaráðherra og bæjarstjóri Mosfellsbæjar hafa undirritað samning um byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Ráðgert er að hefja framkvæmdir í sumar og að heimilið verði tekið í notkun vorið 2012. Í samningnum er gert ráð fyrir að Mosfellsbær taki að sér að hanna og byggja 30 rýma hjúkrunarheimili við Hlaðhamra í Mosfellsbæ. Mosfellsbær leggur jafnframt til lóð undir bygginguna. Félags- og tryggingamálaráðuneytið mun á 40 árum greiða Mosfellsbæ hlutdeild í húsaleigu vegna húsnæðis sem ígildi stofnkostnaðar. Félags- og tryggingamálaráðherra gekkst nýlega fyrir lagabreytingu sem heimilar Íbúðalánasjóði að lána sveitarfélögum fyrir öllum byggingakostnaði hjúkrunarheimila og er framkvæmdin í Mosfellsbæ byggð á þeim grunni.

Frá undirritun samningsins á Hlaðhömrum þann 23. apríl

Framkvæmdir hefjist í sumar

„Með tilkomu hjúkrunarheimilis rætist langþráður draumur Mosfellinga, en bæjaryfirvöld hafa frá árinu 1998 leitað samþykkis ráðuneytisins um heimild til byggingar og rekstrar hjúkrunarheimilis. Með tilkomu heimilisins verður síðasti hlekkurinn í mikilvægri þjónustukeðju við íbúa að veruleika," segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri.

Níu sveitarfélög hafa átt í viðræðum við ríkið um byggingu hjúkrunarheimilis og hefur Mosfellsbær verið í forsvari fyrir þau. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við hjúkrunarheimilið í Mosfellsbæ hefjist í sumar og það verði tekið í notkun vorið 2012.

Langþráðar framkvæmdir

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra sagði við þetta tækifæri að einkar ánægjulegt væri að nú yrði af þessum langþráðu framkvæmdum. Löngu væri tímabært að hefja endurbyggingarátak og sérstaklega ánægjulegt væri að hægt væri að hleypa því af stokkunum á tímum þrenginga í efnahagslífinu. Framundan væri uppbygging 360 rýma sem kallaði á 1200 ársverk í uppbyggingunni, vítt og breitt um landið. Með þessu átaki náist að loka öllum tví- og þríbýlum á hjúkrunarheimilum og aðstaða þeirra sem þjónustuna njóta þannig bætt til muna.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is

Helgihald næstu vikna

16. maí 6. sd. e. páska
Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir
Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20.

Skráning fermingarbarna vorsins 2011. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir og Sr. Skírnir Garðarsson

23. maí
Hvítasunnuhátíð Lágafellskirkja kl. 11.
Ferming Sr. Skírnir Garðarsson

30. maí
Þrenningarhátíð (trinitatis)
Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

Aðalsafnaðarfundur Lágafellssóknar er miðvikudaginn 12. maí kl. 20 í safnaðarheimili kirkjunnar að Þverholti 3.
Vorhátíð barnastarfsins verður laugardaginn 15. maí kl. 11 í Lágafellskirkju. Allir velkomnir.

Allar upplýsingar um safnaðarstarfið er hægt að nálgast á heimasíðu kirkjunar: ***www.lagafellskirkja.is***

Útivistardagur Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ

Krónuhúsinu, fimmtudaginn 13. maí, Uppstigningardag

Mætum með fjölskylduna og njótum dagsins.

- **Ratleikur fyrir fjölskylduna á hjólum.**
  Mættu þegar þér hentar á bilinu 14-16 á kosningamiðstöðina okkar í Krónuhúsinu og fáðu kort sem leiðir þig um bæinn. Fjölskyldan hjólar síðan saman um bæinn og leysir þrautir.

- **Krakkarnir fara á hestbak.**
  Frá kl: 14-16 verða hestar við kosningamiðstöðina okkar. Krakkar geta fengið að prófa.

- **Göngutúr fyrir 60 ára og eldri.** Mæting við kosningamiðstöðina kl 14:00.
  Gylfi Guðjónsson mun rölta með eldri Mosfellinga um bæinn okkar og segja skemmtilegar sögur.

- **Skátarnir og Mosfellsbær vígja gönguleiðir.**
  Klukkan 11:00 á að vígja nýjar gönguleiðir sem Skátarnir hafa séð um að merkja fyrir Mosfellsbæ. Við hvetjum alla til að mæta og taka þátt. Hátíðin hefst á Suður Reykjum. Sjá nánar á www.mos.is og www.mosverjar.is.

Hjá okkur í kosningamiðstöðinni verða svo pylsur á grillinu og kaffi á könnunni.

Allir velkomnir

Sjálfstæðisflokkurinn í Mosfellsbæ
-fyrir þig.

Bókaverðlaun barnanna afhent

Á Bókasafninu hafa börn á aldrinum 6 til 12 ára valið bestu barnabókina af þeim bókum sem gefnar voru út á árinu 2009. Nú er búið að telja atkvæðin og reyndist „Stórskemmtilega stelpubókin“ vinsælust allra, næst í röðinni varð „Prinsessan á Bessastöðum“ og sú þriðja „Skúli skelfir“. Mikill fjöldi barna tók þátt í valinu. Þrír þátttakendur voru dregnir út og fengu þeir þessar þrjár vinsælustu bækur að gjöf frá bókasafninu. Bókasafnið þakkar öllum fyrir þátttökuna og minnir á að stutt er í Sumarlesturinn. Stúlkurnar á myndinni eru frá vinstri: Álfhildur María Magnúsdóttir, Eva Rut Ásþórsdóttir og Fanney Rut Kristbjörnsdóttir

Rauði krossinn með skiptifatamarkað

Kjósarsýsludeild Rauða krossins hefur starfrækt skiptifatamarkað á barnafötum fyrir 0-12 ára síðan í haust. Foreldrar geta komið með heilleg föt, útiföt og skófatnað og skipt yfir í aðrar stærðir og gerðir. Mikið úrval er af fötum, ekki síst flíspeysum, pollafötum og stígvélum sem nauðsynleg eru á sumrin. Markaðurinn er starfsræktur í Þverholti 7 og er opinn alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10-13. Síðdegisopnun verður þriðjudaginn 25. maí kl. 17-19.

Fasteignasalan Berg flytur starfsemi sína á aðra hæð í Háholt 14

Eins og að vera kominn heim að flytjast loks í Mosfellsbæ

Fasteignasalan Berg er nú flutt í Háholt 14 í Mosfellsbæ eftir að hafa haft aðsetur í Reykjavík um árabil. „Þetta er eins og að vera kominn heim“ segir Pétur Pétursson eigandi Berg og löggildur fasteignasali en auk Péturs starfar Daníel Björnsson löggildur leigumiðlari honum við hlið.

Fasteignasalan var stofnuð árið 1989 af Snæbirni Þórðarsyni sem var og er búsettur í Mosfellsbæ. Hann rak fasteignasöluna í Reykjavík en var um langt bil sá eini sem gaf sig út fyrir að þjóna Mosfellsbæ. Pétur Pétursson núverandi eigandi keypti svo af honum árið 2000.

Pétur Pétursson á Fasteignasölunni Berg sem hefur þjónustað Mosfellinga í yfir 20 ár.

Persónuleg og traust þjónusta

Pétur hefur búið í Mosfellsbæ í 20 ár en er frá Austfjörðum, og segir að fólk utan að landi sækist í að búa í Mosfellsbæ. „Fólk sem er að kaupa spyr oft hvernig það sé að búa hérna og hvernig skólarnir séu, þá er gott að hafa geta miðlað reynslu sinni úr bæjarfélaginu. Viðskiptavinirnir vilja skipta við heimamenn.“ segir Pétur. „Við viljum leggja áherslu á að veita persónulega, trausta og áreiðanlega þjónustu og tel ég að umtalið og orðsporið sé besta auglýsingin. Maður kemst ekki langt án traustsins“, segir Pétur og vill leggja áherslu á að bæta þjónustuna við Mosfellinga á allan hátt og sýnir það í verki með því að flytja fyrirtæki sitt á heimaslóðir. „Nú er ég bara kominn hingað, hérna er fyrirtækið, hérna á ég heima, hérna eru börnin mín. Núna er ég kominn á minn heimavöll“.

Framtíðarhorfurnar góðar

Pétur segir stöðuna á fasteignamarkaðnum hafa verið sérstaklega erfiða fyrstu mánuðina eftir hrun en hefur svo smá saman verið að taka við sér. „Margir bíða og sjá en Seðlabankinn hefur oftar en ekki bremsað með spám sínum um verðlækkun. Þá dettur salan niður í kjölfarið en fer svo aftur upp“.

Pétur er mjög bjartsýnn fyrir hönd bæjarins og segir framtíðarhorfurnar góðar, mörg tækifæri eru enn ónýtt og er hann spenntur að fá að taka þátt í uppbyggingunni. „Þó að þessi nýju hverfi séu stopp, þá á eftir að verða hér mikil uppbygging. Helgafellshverfið á eftir að verða eitt fallegasta byggingarsvæði landsins og þar á eftir að verða blómleg byggð“.

Fasteignasalan er nú staðsett á annarri hæð í Háholti 14 og tekur Pétur vel á móti gestum og gangandi. Einnig er Mosfellingum bent á nýja og betrumbætta heimasíðu á slóðinni www.berg.is

Til hægri, stoltur Snorri með gulleggið eftirsótta.

Snorri og félagar hljóta Gulleggið

Íslenska sprotafyrirtækið ReMake Electric hlaut nýverið frumkvöðlaverðlaun Innovit, Gulleggið 2010, fyrir Rafskynjarann. Mosfellingurinn Snorri Hreggviðsson er þróunarstjóri fyrirtækisins. Rafskynjarinn er ný kynslóð rafmagnsöryggistækja sem eykur í senn sparnað og öryggi við notkun rafmagns. Þessi íslenska uppfinning hefur vakið mikla athygli og mun fara á markað á næstu misserum í samstarfi við þekkta alþjóðlega framleiðsluaðila.

Frumkvöðlakeppni Innovit er haldin árlega og er virtasta keppni sinnar tegundar á Íslandi. Alls bárust 295 hugmyndir í keppnina í ár. Nánar um uppfinninguna á remake.is.

ELDRI BORGARAR

Sögu- og sölusýning!

Þann 21. maí verður farið á Hótel Hvítá, sem er við Laugarás í Biskupstungum. Þar verður sýning bæði á gömlum munum og einnig sölusýning á handverki svipað og er árlega á Hrafnagili í Eyjafirði. Lagt verður af stað frá Eirhömrum kl. 13.00. Verð: Akstur, aðgangur á sýningu, kaffi/kakó og meðlæti samtals kr. 4.100. Skráning á skrifstofu félagsstarfsins kl. 13-16, sími 5868014 og 6920814.

Vestfirðir – Látrabjarg!

Þátttakendur, nú er kominn tími til að gera upp ferðina. Vinsamlega gerið upp fyrir næstu mánaðarmót.

Handverksstofan á Eirhömrum

Handverksstofan er opin í sumar kl. 13-16, einnig er opið frá kl. 10-12 á fimmtudögum fyrir glervinnu, hafa þarf samband við Elfu í síma 5868014 eða 6980090 áður en mætt er í tíma.

Upplýsingar og skráningar í ferðir og námskeið eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814

BYGGJUM BETRI BÆ - SAMAN
VINNUSEMI
HÓFSEMI
HEIÐARLEIKI
BÆJARSTJÓRNARMÁL SNÚAST UM FÓLK
Kosningaskrifstofa - Háholti 14 - Opið virka daga kl. 16-19 - Laugardaga kl. 11-14 - XB Mosó á
facebook

GRILL NESTI
Þökkum Mosfellingum fyrir frábærar móttökur
BÍLALÚGA
BEINT Í BÍLINN
Daim
McCain

Telma og Kristján standa sig vel

Þriðja Grand Prix og bikarmót í mótaröðinni 2009-2010 á vegum Karatesambands Íslands lauk í Varmá, laugardaginn 17. apríl. Kristján Helgi Carrasco varð bikarmeistari karla og Grand Prix meistari í kumite karla 16-17 ára. Telma Rut Frímannsdóttir varð Grand Prix meistari í kumite stúlkna, 16-17 ára og í þriðja sæti á bikarmóti. Síðastliðið haust voru þau bæði valin íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar. Þau hafa staðið sig glæsilega á þessu æfingaári og verið karatedeildinni og félaginu til mikillar fyrirmyndar.

Stríðsmunir til sýnis í Kjarnanum

Nú stendur yfir sýning á munum frá stríðsárunum í bókasafninu. Þann 10. maí voru 70 ár liðin frá hernámi Íslands en einnig voru liðin 65 ár frá stríðslokum þann 8. maí. Eru þetta ýmsir munir sem Tryggvi Blumenstein hefur safnað á síðustu tveimur áratugum. Bókasafnið er opið á mán.–fös: 12-19, miðvikud. 10–19 og laugardaga 12–15

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
SENDU OKKUR LÍNU...
MOSFELLINGUR
mosfellingur@mosfellingur.is

Gunnar og Guðlaug hafa opnað kaffihús í Álafosskvosinni.

Kaffihúsið á Álafossi er opið til kl. 22 alla daga

Lítið og huggulegt kaffihús í Álafosskvos

Hjónin Gunnar Helgason og Guðlaug Daðadóttir hafa opnað lítið og huggulegt kaffihús að Álafossvegi 27 þar sem þau búa einnig. „Hugmyndin kviknaði af því að fólk kom oft og labbaði hérna inn og hélt að þetta væri kaffihús.“ segir Gunnar. Lögð er áhersla að gestir geti setið úti og notið umhverfisins í Kvosinni, hlustað á fuglasönginn og niðinn frá fossinum. Á pallinum eru hitalampar og fólk getur auk þess fengið teppi til að hlýja sér.

„Húsnæðinu hefur verið breytt eftir þörfum og nú er þetta orðið að kaffihúsi,“ segir Gunnar en hann er byggingameistari og því hæg heimatökin á þeim bænum. Guðlaug hefur bæði menntun og reynslu á þessu sviði en hún var hótelstjóri hjá Hótel Eddu. Þau hjónin ætla að reka kaffihúsið með hjálp nánustu fjölskyldu og vina. Mikill ferðamannstraumur er um Kvosina, Álafossbúðin er gríðarlega vinsæl auk fjölda listamanna sem starfa á svæðinu.

Á staðnum verður allt sem gott kaffihús hefur uppá að bjóða m.a. gott kaffi, öl, kökur og heimalagað smurbrauð. Í hádeginu er hægt að panta sér súpu og brauð.

„Nágrannar okkar hafa tekið vel í þetta og ég tel að þetta sé hvati að áframhaldandi uppbyggingu í Kvosinni“ segir Gunnar og býður alla velkomna að kíkja við. Kaffihúsið er opið frá kl. 11-22 alla daga.

Fjöldi menningarviðburða fór fram í Mosfellsbæ á síðustu vikum, en þá var haldið Menningarvor í 2. sinn. Á myndinni má sjá Gretu Salome fiðluleikara á tónleikum í Bókasafninu.

Nýir eigendur að sólbaðsstofunni

Eigendaskipti hafa orðið að Sólbaðsstofu Mosfellsbæjar sem er að Þverholti 5. Eigendur eru Friðbjörg Óskarsdóttir ásamt dætrum sínum. Sólbaðsstofan hefur fengið andlitslyftingu og á stofunni er að finna afslappað andrúmsloft. Nýjar perur eru komnar í ljósabekkina, sturturnar fínar og hárþurrka og sléttujárn á staðnum. Mikið úrval er af gæðakremum og snyrtivörum.
Opnunartími er virka daga frá kl. 11 til kl. 22, laugardaga kl. 12-20 og sunnudaga 12–20 og góð tilboð í gangi á morgnana og um helgar. Hægt er að skoða tilboðin á Facebook síðu stofunnar. Friðbjörg og starfsfólk hennar bjóða alla hjartanlega velkomna.

Árleg vorferð Sögufélagsins

Að venju efnir Sögufélag Kjalarnesþings til vorferðar og verður að þessu sinni gengið um Mosfellsheiði. Lagt verður af stað frá Hlégarði laugardaginn 22. maí kl. 10 og ekið austur fyrir Leirvogsvatn. Gengið verður inn á heiðina og meðal annars skoðaðar menjar af sæluhúsi, vörðuð þjóðleið og rústir Mosfellssels. Gangan er auðveld og tekur um tvær klukkustundir. Allir eru velkomnir og er ekkert þátttökugjald. Leiðsögumaður verður formaður sögufélagsins, Bjarki Bjarnason. Allmiklar mannvistarleifar eru á Mosfellsheiði. Á myndinni má sjá leifar af brú á Gamla Þingvallaveginum sem lagður var seint á 19. öld.

SNÆLAND VIDEO
BETU-BÁTUR NÝTT! BETU-BÁTUR
MEÐ KRISPÝ KJÚKLINGABRINGU, JALEPENO, BEIKONI, PAPRIKU, OSTI OG SWEET BBQ-SÓSU
NÝTT!

Ungmenni sem geta einbeitt sér að sínu sérsviði í sumar.

Íþrótta- og tómstundanefnd veitir sumarstyrki

Átta ungmenni styrkt

Íþrótta- og tómstundanefnd veitti á dögunum átta ungmennum styrk til að stunda sína íþrótt, tómstund eða listgrein í sumar. Nefndin þurfti að velja úr löngum lista af mjög hæfum umsækjendum. Við valið styðst nefndin við reglur sem byggja á vilja Mosfellsbæjar til að koma til móts við ungmenni sem, vegna tómstunda sinna, geta ekki með sama hætti og jafnaldrar þeirra stundað launuð störf. Þau langar og þurfa að nota sumartímann til æfinga, koma fram á viðburðum eða vera við keppni.

Á myndinni má sá styrkþegana frá vinstri Gunnar Birgisson til að æfa skíðagöngu, Stefán Ás Ingvarsson til að stunda badminton, Ingibjörg Sól Ingólfsdóttir til að stunda píanóleik, Theódór Emil Karlsson til að stunda golf, Telma Rut Frímannsdóttir til að stunda karate og handbolta og Matthías Ingiberg Sigurðsson til að stunda klarinettuleik. Á myndina vantar Hönnu Rós Sigurðardóttur sem leikur á trompet og Stefaníu Kolbrúnu Ásbjörnsdóttur sem stundar knattspyrnu.

Reykjalundarkórinn

Stjórnandi Íris Erlingsdóttir

Píanóleikari Anna Rún Atladóttir

Vortónleikar fimmtudaginn 13. maí 2010

í Fella- og Hólakirkju kl. 16:00

Á efnisskrá eru m.a. lög eftir:

Eric Clapton, Leonard Cohen, Benny Anderson,

Andrew Lloyd Webber, Claude-Michel Schönberg

Opnun gönguleiða

Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ teknar í notkun fimmtudaginn 13. maí

Kl: 11.00 Mæting á bílastæði við Suður Reyki (rútuferð að Hafravatnsrétt)

Kl: 11.15 Gönguleiðirnar opnaðar með stuttri athöfn

Kl: 11.30 Gengið frá Hafravatnsrétt að Borgarvatni og áfram niður með Varmá að Suður Reykjum (5 km)

Kl: 14.00 Kakó og kaffi í Mosverjatjaldi við bílastæðið

Skátafélagið Mosverjar hefur í samstarfi við Mosfellsbæ lokið fyrsta áfanga í þriggja ára verkefni sem felst í því að stika gönguleiðir um útivistarsvæði Mosfellsbæjar. Svæðið hefur nú verið skipulagt, göngukort gefið út og stikaðar hafa verið um 10 km af gönguleiðum á útivistarsvæðinu. Á næstu árum verður haldið áfram að merkja gönguleiðir, alls um 65 km.

Göngukort sem hefur verið prentað verður fyrirliggjandi ókeypis á íþróttamiðstöðvunum að Varmá og Lágafelli og einnig í bókasafni Mosfellsbæjar. Þá er ennfremur göngukortið vistað á heimasíðu Mosverja, mosverjar.is, og á heimasíðu Mosfellsbæjar, mos.is.

Upplýsingaskilti hafa verið sett upp við gönguleiðirnar og vegprestar við vegamót. Þeir sýna hvert halda skal og vegalengd í næsta áfanga.

Markmiðið með lagningu stikaðra gönguleiða er að auðvelda almenningi aðgang að ósnortinni náttúru útivistarsvæðis Mosfellsbæjar. Þar eru margar náttúruperlur og sögulegar minjar sem sagt verður frá á sérstökum fræðsluskiltum sem verða sett upp í tengslum við verkefnið.

Göngufólk er hvatt til að nýta sér stikuðu gönguleiðirnar og göngukortið jafnt sumar sem vetur, ganga vel um og njóta útivistarsvæðisins.

Skátafélagið Mosverjar og Mosfellsbær.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Safna fyrir ferð með áheitasundi

Sunddeild Aftureldingar hefur verið starfandi frá 1986. Hún er með minnstu deildum Aftureldingar en er vinnusöm og með góða þjálfara á sínum snærum. Iðkendur eru á aldrinum 7–16 ára og æfa frá tvisvar í viku upp í sex sinnum. Í hverjum mánuði safna krakkarnir dósum hjá bæjarbúum sem hafa tekið vel á móti þeim. Hluti ágóðans fer til sunddeildarinnar en hluti til hvers iðkanda fyrir sig. Þessi fjáröflun er ein af lífæðum deildarinnar.

Þann 13. maí syndir elsti hópur sunddeildarinnar áheitasund. Krakkarnir safna fyrir æfingaferð til Danmerkur, sem farin verður 4.-11. ágúst. Stefnt er að því að synda 50 km. á 12 klst. „Því treystum við á ykkur kæru bæjarbúar að þið takið vel á móti sundkrökkunum, nú sem endranær.“

Árlegt kvennakvöld Samfylkingarinnar

Föstudaginn 30. apríl hélt Samfylkingin í Mosfellsbæ árlegt kvennakvöld sitt. Dagskrá kvöldsins var fjölbreytt og það var Maríanna Friðjónsdóttir sem reið á vaðið og sagði mosfellskum konum frá möguleikum internetsins með áherslu á fésbókina. Kvennakórinn Heklurnar sungu nokkur lög og fjölmiðlakonan Sirrý var með frábært erindi þar sem hún kenndi konum örugga framkomu og jákvæðan hugsunarhátt. Allt var þetta á léttum nótum og gleði við völd.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði birtist mynd af sigurvegurum hönnunarsamkeppni Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Sigurvegararnir voru tepptir erlendis sökum öskufalls þannig að foreldrar Aðalheiðar tóku við verðlaunum, þau Guðrún Erna Hreiðarsdóttir og Atli Rafn Kristinsson. Sigurvegarnir þau Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger voru því fjarri góðu gamni.

Að loknum vel heppnuðum tónleikum í Hlégarði 1. maí.

30 ára afmælistónleikar Gildrunnar í Hlégarði

Hylltir á heimavelli

Rokkhljómsveitin Gildran úr Mosfellsbæ hélt glæsilega afmælistónleika í Hlégarði laugardagskvöldið 1. maí. Stemmingin meðal áhorfenda var einstök enda ekki heyrst frá hljómsveitinni í langan tíma.

Tónleikarnir voru hljóðritaðir og væntanleg tónleikaplata kemur til með að líta dagsins ljós í sumar. „Því er ekki að neita að þetta eru einir skemmtilegustu tónleikar sem við höfum spilað á. Í kjölfarið munum við fara með prógramið víðar og halda einhverja tónleika um landið.

Félagarnir léku öll sín bestu lög þ.á.m. Mærina, Andvökunætur, Vorkvöld í Reykjavík, í troðfullum Hlégarði. Hljómsveitina skipa þeir Karl Tómasson, Birgir Haraldsson, Þórhallur Árnason og Sigurgeir Sigmundsson. Þeim til aðstoðar var Vignir Stefánsson á hljómborð.

Rokkararnir úr Mosfellsbæ fóru á kostum. Hér má sjá þá Birgi, Karl og Þórhall í ham.

Tveir af fyrrum róturum hljómsveitarinnar, Helgi Pálsson og Jón Davíð Ragnarsson.

Þétt setið í Hlégarði og mikil eftirvænting eftir þessari endurkomu Gildrunnar.

Þórir Kristinsson, einn helsti textahöfundur Gildrunnar fylgist með, lengst t. v.

Þórir Hólm, Jón Guðmundur og Hlín Ingólfsdóttir skemmtu sér konunglega.

Margir góðir félagar úr bransanum fögnuðu áfanganum með Gildrunni.

Sturlaugur Tómasson og Jóhannes Oddsson voru ánægðir með útkomuna.

Eurovisiondrottningin Jóhanna Guðrún ásamt Sigurlaugu Ragnarsdóttur.

BYMOS
BYGGINGAVÖRUR

Ágætu Mosfellingar og nærsveitamenn

Það borgar sig að versla í heimabyggð!

Nú er rétti tíminn til að dytta að húsi og garði

Hjá okkur fáið þið gott úrval af málningu og málningavörum, fúavörn, byggingavörum, garðáhöldum, áburði, eitri o.fl.

Kíkið endilega við

BYMOS-BYGGINGAVÖRUR
Háholt 14, Mosfellsbæ, s. 586 1210 / 897 6158

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 10-15

Sumarnámskeið Leikfélags Mosfellssveitar

LEIKGLEÐI 2010

Leikgleði 6-9 ára

Námskeið A (tvær vikur)
5.-15. júlí, mánudaga-föstudaga kl. 9:00-10:00. Sýning 15. júlí.
Námskeið B (tvær vikur)
19.-29. júlí, mánudaga-föstudaga kl. 9:00-10:00. Sýning 15. júlí.
Í lok námskeiðs verður settur upp söngleikur eftir ævintýri. Námskeiðsgjald: 4000 kr.
Kennarar: Agnes og Sigrún.

Leikgleði 10-12 ára

Námskeið A – Þumalína (þrjár vikur)
21. júní-8. júlí, mánudaga-föstudaga kl. 10:15-12:15. Sýning 8. júlí.
Námskeið B – Leitin að Nemó (þrjár vikur)
12.-19. júlí, mánudaga-föstudaga kl. 10:15-12:15. Sýning 29. júlí.
Settur verður upp söngleikur í lok námskeiðs.
Námskeiðsgjald: 6000 kr. Kennarar: Agnes og Sigrún.

Leikgleði 13-16 ára

Lísa í Undralandi – tónlistarnámskeið (ein vika)
28. júní-2. júlí, mánudag-föstudags kl. 16:30-20:00. Námskeiðsgjald 1000 kr.
Lísa í Undralandi – leiklistarnámskeið (sjö vikur)
5. júlí-20. ágúst, mán.-fim. í júlí, mán.-fös. í ágúst kl. 16:30-20:00. Settur verður upp söngleikurinn *Lísa í Undralandi.* Frumsýning 21. ágúst og sýningar í ágúst-september. Námskeiðsgjald: 9000 kr. Kennarar: Agnes og Sigrún.

Leikgleði 14-18 ára

Lísa í Undralandi – búninga-og förðunarnámskeið (sjö vikur)
8. júlí-20. ágúst, mán.-fim. í júlí, mán.-fös. í ágúst kl. 16:30-20:00. Nemendur sjá um búninga og leikgervi fyrir sýninguna *Lísa í Undralandi.* Frumsýning 21. ágúst og sýningar í ágúst-september. Námskeiðsgjald: 9000 kr. Kennari: Eva Björg.
Skráning fer fram 12.-22. maí. Ath. takmarkaður fjöldi.

Agnes Þ. Wild

Eva Björg Harðardóttir

Sigrún Harðardóttir

Nánari upplýsingar og skráning á www.leikgledi.tk

Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) *Sími: 578-6699*

Feðgarnir Sigurður Fjeldsted, Einar Kristján, Kristján Þór og Kristján Magnússon.

FERSKUR FISKUR

TILBÚINN BEINT Á GRILLIÐ

NÝTT ÚRVAL AF FROSNU GRÆNMETI Á GÓÐU VERÐI

OPIÐ:
MÁN-FIM 10-19
FÖS 11:30-19

Karlarnir þenja raddböndin undir stjórn Páls Helgasonar. Nýi flygillinn í forgrunni.

Karlakór Kjalnesinga lýkur 19. starfsári sínu

Glæsilegir tónleikar og nýr flygill að gjöf

Karlakór Kjalnesinga lauk 19. starfsári sínu með glæsilegum vortónleikum í Guðríðarkirkju 29. apríl og 1. maí. Áheyrendur, sem voru vel á sjötta hundraðið, nutu fjölbreyttrar efnisskrár, klassískra karlakórslaga og nýrra útsetninga Palla Helga á yngri dægurflugum. Kjartan Valdimarsson spilaði á flygilinn en auk hans skipuðu hljómsveitina Benedikt Brynleifsson á trommur, Jón Elvar Hafsteinsson á gítar og Jón Bjarni Jónsson á bassa. Daði Már Einarsson og Helgi Pálsson blésu í básúnu og trompet í tveimur lögum. Kórinn tefldi fram þremur einsöngvurum og einum kvartett en gestasöngvari var Bjarni Arason. Gríðarleg stemming myndaðist á tónleikunum og voru gestir á einu máli um að kórinn hefði sjaldan verið betri en hann hefur stækkað talsvert, 47 söngmenn voru á pöllunum.

Kórnum barst höfðingleg gjöf á lokaæfingu, glæsilegur flygill sem Ólafur M. Magnússon og Sigrún Bjarnadóttir frá Eyjum í Kjós gáfu í minningu afa Ólafs, St. Sæmundar Einarssonar. Ólafur hefur sungið með karlakórnum um langa hríð og vill með þessari gjöf styrkja umgjörð hans til að halda áfram að vaxa og þroskast. Flygillinn verður staðsettur í æfingaraðstöðu kórsins í Fólkvangi á Kjalarnesi og líta kórmenn björtum augum til komandi stafsárs með þessu nýja hljóðfæri.

BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKODA ST 4X2
Nýr bíll, sjálfsk, til í nokkrum litum og tveimur stærðum, Geislaspilari, Tengi fyrir MP3/iPOD, Loftkæling. Verð frá aðeins **1999 þús. kr án VSK.**

ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTI 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

FORD F150 CREW CAB 4X4 PLATINUM, Nýr bíll 2010 módel. Þessi bíll er dýrasta týpa og mjög hlaðinn aukabúnaði. **Verð 9890 þús kr.** Bíllinn er í salnum hjá okkur.

100bílar

ÍSBAND BÍLAINNFLUTNINGUR

80´s ball

Siggi Hlö
þeytir skífum á
Hrauninu

Föstudagskvöldið 14. maí
Húsið opið frá 22:00 til 03:00
Þúsund kall-inn

HRAUNHÚS
MAGMATIKA DESIGN STORE & HRAUNIÐ

Völuteigur 6 270 Mos
hraunhus@hraunhus.is
www.hraunhus.is
S: 566-5006

Handverksmarkaður

15 og 16. maí.
Opið frá 11:00 til 17:00

Enn eru nokkur borð laus.
Áhugasamir hafið samband.
Tölvupóstur : handverk@hraunhus.is
Sími : 842-0450

Afmælisrit Kjalar er komið út

Í tilefni 60 ára afmælis Björgunarsveitarinnar Kjalar á Kjalarnesi hefur verið gefið út afmælisrit sveitarinnar. Fyrsta prentun afmælisritsins er komin út og er þegar uppseld en önnur prentun er væntanleg. Tekið er við pöntunum í síma 616 8493 eða á bjorgunarsveit@simnet.is. Ritið er 120 blaðsíður, stútfullt af myndum og skemmtilegu og fróðlegu efni. Ritið er 20x24 cm á stærð, á kiljubókarformi. Anna, María og Sonja tóku saman efni í ritið og vinnan hefur tekið um tvö ár frá því er fyrstu hugmyndir komu fram.

Stofna félag ungra Framsóknarmanna

Vel var mætt þegar Félag ungra Framsóknarmanna í Mosfellsbæ (FUFM) var stofnað. Til þess að fagna með þeim voru mætt Bryndís Gunnlaugsdóttir, formaður ungra Framsóknarmanna og oddviti Framsóknar í Grindavík og varaformaðurinn Eggert Sólberg Jónsson sem skipar 11. sæti í Mosfellsbæ. Kosin voru í stjórn Steinunn Sigurðardóttir formaður, Sigurður Þór Haraldsson gjaldkeri og Haraldur Grétar Haraldsson ritari.
„Unga kynslóðin í Mosfellsbæ er greinilega mjög meðvituð um samfélagslegt hlutverk sitt og telur Framsókn vera gott félag til þess að koma á framfæri skoðunum sínum á uppbyggingu Íslands," sagði Marteinn Magnússon oddviti flokksins við tilefnið. Eftir setningu laga og kosningu stjórnar gæddu stofnfélagarnir og gestir sér á ljúffengri pítsu frá Kidda Rót.

Magnús Einarsson og Ásgeir Jónsson taka Þorvald Einarsson yfirbullu Rothöggsins í kóngastól að leik loknum að Varmá.

Gunnar Andrésson þjálfari Aftureldingar leggur á ráðin. Daníel Jónsson, Aron Gylfason og Bjarni Aron Þórðarson fylgjast með.

Stuðningsmannafélagið Rothöggið nær upp frábærri stemmingu á leikjum

Rothöggið gerði gæfumuninn

Afturelding sigraði Gróttu í umspili um laust sæti í úrvalsdeild að ári. Leikurinn endaði með átta marka mun heimamanna og var sigurinn aldrei í hættu. Stuðningsmenn að Varmá voru magnaðir að vanda undir forystu Þorvaldar Einarssonar. Afturelding leikur því á ný meðal þeirra bestu í N1 deild karla. Á dögunum var gengið frá tveggja ára samningi við Gunnar Andrésson þjálfara liðsins.Greinilegt er að mikill metnaður er lagður í handboltann um þessar mundir.

Vel heppnaðir tónleikar

Vortónleikar Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar voru haldnir í Guðríðarkirkju á dögunum. Kirkjan var þétt skipuð áheyrendum og góður rómur gerður af hljóðfæraleik barnanna. Fram komu A, B, og C sveitir hljómsveitarinnar, alls 100 hljóðfæraleikarar. Kirkjan er mjög góð fyrir tónleika sem þessa og öll aðstaða og aðbúnaður mjög góður.

Metþátttaka var í heilsuhlaupinu á laugardag sem var liður í lokahátíð Heilsuvikunnar sem fór fram í síðustu viku. Alls tóku á þriðja hundrað þátt í hlaupinu.

Eddu-tíðindi gefin út í FMOS

Nemendur úr ÍSL2B05 í FMOS gáfu á dögunum út fyrsta „tímarit" skólans; Eddu-tíðindi. Þar unnu þau með efni úr Snorra-Eddu og færðu það í fjölbreytilegan búning. Búnar voru til æsifréttir, lesendabréf, auglýsingar, slúður, minningargreinar, dánarfregnir og svo var auðvitað stjörnuspá að hætti Völu. Blaðið er hin besta skemmtun og má nálgast vefútgáfu þess á www.fmos.is. Á meðfylgjandi mynd má sjá hluta höfunda blaðsins en umsjón með verkefninu hafði Sverrir Árnason íslenskukennari.

SNÆLAND VIDEO
BETU-BÁTUR NÝTT! BETU-BÁTUR
MEÐ KRISPÝ KJÚKLINGABRINGU, JALEPENO, BEIKONI, PAPRIKU, OSTI OG SWEET BBQ-SÓSU
NÝTT!

Cafe Kidda Rót

Opið

Fimmtudag 13. maí til 01.00

Föstudag 14. maí til 03.00

Sími. 552-8002
kaffikiddarot.is

Dúettinn Hljómur
Hilmar og Gústi
sjá um stuðið
frá 23:00 til 03:00



Við bjóðum blakara séstaklega velkomna

Frítt inn

Allir velkomnir

Siggi Dúkari

Verktaki í lagningu gólfefna og veggefna

Gólfviðgerðir og flotun gólfa

Sigurður Hansson
Lögg. dúklagningameistari
S: 896-9604 - siggi@webermur.is

Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Við erum á réttri leið, kröftugum, áhugasöm

Vinstri

Fréttir

Fyrstu skóflustungurnar teknar að Krikaskóla - skólinn fullbúinn.

Ævintýragarður.

Að lokinni undirskrift samnings um byggingu hjúkrunarheimilis.

Mosfellingar

Við minnum á fjölskylduskemmtun VG á Krónutorginu föstudaginn 21. maí kl. 17-19.

Á kjörtímabilinu 2006–2010 he

- Gjaldfrjáls leikskólagjöld fyrir fimm
- Nýtt, glæsilegt miðbæjartorg með
- Mosfellsbær varð fyrst sveitarfélag jafna stöðu kvenna og karla og ár festur í sessi.
- Nýtt og vandað miðbæjarskipulag
- Framhaldsskóli Mosfellsbæjar tók
- Gengið frá samningum um byggin
- Krikaskóli tók til starfa og skólaþir
- Frístundaávísanir gefnar út til að unglinga.
- Gengið frá stefnumótun um sjálfb
- Umhverfisvæn innkaupastefna og
- Ævintýragarður og hugmyndir um
- Íbúagátt tekin í notkun hjá Mosfell
- Nýtt skipurit fyrir Mosfellsbæ tekið

Kosningaskrifstofa
opin alla virka

Allir ve

HÖLDUM ÞVÍ ÁFRAM MEÐ
UM OG HUGMYNDARÍKUM
GRÆNUM

Fréttir

fur meðal annars þetta áunnist:

n ára börn komu til sögunnar.

útlistaverki vígt.

ga til að samþykkja Evrópusáttmála um
legur dagur jafnréttis í Mosfellsbæ var

samþykkt.

til starfa.

ngu nýs hjúkrunarheimilis.

ng haldin.

styðja við tómstundastarf barna og

æra þróun.

grænt bókhald samþykkt.

hönnun hans kynntar.

lsbæ.

í notkun.

xV

VG í Krónuhúsinu er
daga kl. 17-19.

lkomnir

Framhaldsskóli hóf störf í gamla Brúarlandshúsinu og skólabjallan hringir að nýju.

Nýtt miðbæjartorg og útilistaverk.

Teikning af nýjum framhaldsskóla.

www.vgmos.is

Kartöflubollur með rækjum og púrru

Þessi uppskrift er frá Alessöndru á veitingastaönum Ca' Vittoria í Astihéraði á Ítalíu. Bollurnar eru frábær partýmatur eða forréttur.

700 g kartöflur
handfylli soðnar rækjur, skornar í litla bita
1 púrrulaukur, saxaður
1 tsk söxuð steinselja
salt og pipar
olía til steikingar
1 egg og ferskt brauðrasp til að velta upp úr

sósan:
2 msk Saclà kóríander pestó
1 lítil dós hreint skyr

Sjóðið kartöflurnar, kælið og stappið. Mýkið púrruna í smá ólífuolíu og blandið saman við kartöflustöppuna ásamt rækjunum og steinseljunni. Smakkið til með salti og pipar og kælið. Mótið litlar bollur úr kartöfludeiginu og veltið þeim fyrst uppúr þeyttu egginu og því næst fersku brauðraspi. Steikið bollurnar í vænu magni af sjóðheitri olíu þar til fallega gylltar og stökkar. Berið fram með tannstönglum ásamt kóríanderpestó-skyrsósunni eða einar og sér.

SACLÀ ITALIA

Lágafellsskóli setti Íslandsmet í hraðaþrautinni

Þriðja sæti í Skólahreysti

Lágafellsskóli gerði sér lítið fyrir og endaði í þriðja sæti í Skólahreysti MS 2010. Sýnt var frá keppninni í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Þetta hrausta lið úr Lágafellsskóla eru þau Andri Jamil Ásgeirsson sem keppti í upphífingum og dýfum, Jóhanna Embla Þorsteinsdóttir sem tók armbeygjur og hreystigreip, Telma Þrastardóttir og Kjartan Elvar Baldvinsson tóku svo hraðaþrautina.

Andri Jamil og Jóhanna stóðu sig frábærlega vel og voru komin í fjórða sæti í heildina þegar þeirra hluta var lokið. Þá var bara hraðaþrautin eftir. Til að komast á verðlaunapall þurfti Lágafellsskóli helst að ná fyrsta sæti í henni. Telma og Kjartan kepptu við krakkana úr Lindaskóla sem augsýnilega höfðu einnig í hyggju að sigra þessa grein og slá nýtt íslandsmet. Telma og Kjartan komu í mark á tímanum 02:05 mínútur sem reyndist Íslandsmet í greininni. Þessi frábæri árangur gerði það að verkum að Lágafellsskóli náði á verðlaunapall.

Það er alveg ljóst að krakkarnir úr Lágafellsskóla hafa lagt mikið á sig fyrir keppnina í ár og eiga hrós skilið fyrir það. Ekki má gleyma frábærum stuðningsmönnum. Þeir mættu með spjöld, trommur og góða skapið. Það er fátt flottara en að horfa á hrausta, glaða og duglega unglinga standa saman og gera sitt besta.

Vortónleikar
Mosfellskórsins

Mosfellskórinn verður með tvenna tónleika þetta vorið.

Fyrri tónleikarnir verða í Bústaðarkirkju fimmtudaginn 13. maí kl. 20.00 og seinni tónleikarnir verða í Hátíðarsal Varmárskóla (yngri deild) sunnudaginn 16. maí kl. 20.00.

Dagskráin er að venju létt og skemmtileg. Nýr kórstjóri hefur tekið við stjórn kórsins og heitir hann Vilberg Viggósson.

Miðaverð kr. 1.500, eldriborgarar kr. 1.000, frítt fyrir 16 ára og yngri

ÓKEYPIS SUMAR-NÁMSKEIÐ FYRIR 7-12 ÁRA

Námskeiðið kallast Mannúð og menning og verður þar blandað saman fræðslu, leikjum og myndlist í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Þátttakendur fræðast m.a. um Rauða krossinn, umhverfið okkar, endurvinnslu og fjölmenningarlegt samfélag.

Hvert námskeið stendur frá mánudegi til föstudags, kl. 9-16.

1. námskeið: 7-9 ára, vikan 7.-11. júní
2. námskeið: 10-12 ára, vikan 21.-25. júní
3. námskeið: 7-9 ára, vikan 5.-9. júlí
4. námsekið: 10-12 ára, vikan 19.-23. júlí

Takmörkuð sæti eru í boði og skráning á www.redcross.is/kjos nauðsynleg. Nánari upplýsingar í netfangi kjos@redcross.is og í síma 898-6065.

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

OPIÐ HÚS Í ÞVERHOLTI 7

Sjálfboðamiðstöðin Þverholti 7 er opin alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10-14. Alltaf heitt á könnunni, nettengdar tölvur og fjölbreyttir ókeypis viðburðir í boði. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á síðunni www.redcross.is/kjos og síma 898-6065.

Næstu viðburðir á opnu húsi eru:

Þriðjudagur 27. apríl:
Spænska – Viltu æfa þig að tala spænsku? kl. 11.

Þriðjudagur 18. maí: Hvernig stöndumst við álag - hvað fær okkur til að snögg reiðast og pirrast? kl. 11.

Fimmtudagur 20. maí: Gaman saman – Leikir og ljóð kl. 11. Öndun og slökun kl.12:30.

Þriðjudagur 25. maí: Ljósmyndun – langar þig að læra að taka betri myndir? Kl. 11.

Fimmtudagur 27. maí: Persnesk matargerð – sýnikennsla og smakk. Kl. 11. Öndun og slökun kl. 12:30.

Rauði kross Íslands
Kjósarsýsludeild

Kvöldguðsþjónusta í Lágafellskirkju

Skráning fermingarbarna vegna ferminga vorsins 2011

Næstkomandi sunnudag (16. maí) kalla prestar Lágafellssóknar öll tilvonandi fermingarbörn til kvöldguðsþjónustu klukkan 20 í Lágafellskirkju. Að lokinni guðsþjónustu verður tekið við skráningum í fermingarhóp næsta árs.

Öll tilvonandi fermingarbörn og forráðamenn eru hvött til þátttöku.

Reiðskóli Berglindar

Reiðnámskeið verða á Varmárbökkum Mosfellsbæ í sumar

Reiðskólinn verður með viku námskeið fyrir börn og unglinga frá 7. júní fram í miðjan ágúst.

Námskeiðin eru í frá mánudegi til föstudags, frá 9-12 eða 13-16.
Stubbanámskeið fyrir 4-6 ára verður vikuna 12. - 16. júlí.
Námskeiðið kostar 10.000 kr.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 899-6972 eða á berglind@varmarskoli.is

Berglind Inga Árnadóttir
Íþróttakennari

SNÆLAND VIDEO
BETU-BÁTUR NÝTT! BETU-BÁTUR
MEÐ KRISPÝ KJÚKLINGABRINGU, JALEPENO, BEIKONI, PAPRIKU, OSTI OG SWEET BBQ-SÓSU
NÝTT!

Elfa Dís Austmann leikskólakennari hefur opnað vefsíðu fyrir börn sem er hugsuð sem leið til að auðvelda þeim fyrstu sporin að langri skólagöngu.

Alltaf gaman í vinnunni

Elfa Dís Austmann er ein af þeim sem lætur sér annt um uppeldi barna. Hún er lærður leikskólakennari, stundar viðbótarnám í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands og stefnir á mastersnám með haustinu. Í starfi sínu sem umsjónarkennari 1. bekkjar hefur hún orðið vör við kvíða og óöryggi hjá sumum barnanna, hún sá brýna þörf fyrir úrræði og lét ekki sitt eftir liggja í þeim efnum.

„Ég kem úr stórri fjölskyldu og ólst upp í húsi sem foreldrar mínir byggðu við Víghólastíg í Kópavogi. Leiksvæði okkar krakkanna voru móarnir sem eru fyrir ofan Smáralindina en skemmtilegast af öllu fannst okkur samt þegar við náðum þeim árangri að stökkva yfir skítalækinn fræga. Einnig renndum við okkur á skíðum á Húgalóð, en það er brekkan við hliðina á Digraneskirkju. Ég á margar skemmtilegar minningar úr Kópavoginum," segir Elfa Dís brosandi.

Elfa Dís Austmann er fædd í Reykjavík 8. nóvember árið 1964. Hún er dóttir hjónanna Þórhöllu Karlsdóttur kaupmanns og Jóhanns Eymundssonar húsasmíðameistara og kaupmanns, látinn árið 2007. Systkini Elfu Dísar eru Margrét fædd 1946, látin 1974, Sigríður fædd 1948, Helga fædd 1952, Eymundur fæddur 1957 og Viðar fæddur 1961. Elfa Dís á tvær uppeldissystur, þær Höllu Jóhönnu fædda 1967 og Berglindi sem er fædd 1968 sem jafnframt eru frænkur hennar.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

Með leiktækin á lagernum

„Foreldrar mínir ráku matvöruverslunina Drífu í Kópavogi og við systkinin ólumst upp þar meira og minna. Við vorum lánsöm að geta verið með foreldrum okkar í vinnunni. Pabbi hafði komið upp leiktækjum fyrir okkur inni á lager og þar gátum við leikið okkur öllum stundum.

Þegar ég hafði aldur til þá fór ég að afgreiða í búðinni og það var mjög lærdómsríkt. Ég starfaði alltaf í versluninni með skóla eða alveg þangað til foreldrar mínir hættu rekstri.

Fjölskyldan, Elfa Dís, Páll, Selma og Viktor.

Ég gekk í Digranesskóla og Víghólaskóla en síðan lá leið mín í Menntaskólann í Kópavogi en þaðan útskrifaðist ég árið 1985."

Lærði frönsku í Lyon

„Að loknu stúdentsprófi hélt ég til Frakklands ásamt Svanhildi vinkonu minni og þar bjuggum við í eitt ár. Við fórum í háskóla í Lyon og lærðum frönsku. Ég lærði heilmikið á þessum tíma, bæði að bjarga mér sjálf í framandi landi og svo sjálft tungumálið.

Eftir Frakklandsdvölina eða árið 1987 kynntist ég Páli Blöndal eiginmanni mínum og við byrjuðum búskap í Hafnarfirði. Hann er lærður tölvunarfræðingur. Við eigum tvö börn, Viktor sem er fæddur 1988 og Selmu sem er fædd 1992. Fyrir átti Páll Lindu Rós sem er fædd 1977. Hún er gift Degi Gunnarssyni og eiga þau tvo syni þá Kristófer og Tómas."

Umsjónarkennari í Varmárskóla

„Árið 1996 útskrifaðist ég sem leikskólakennari frá Fósturskóla Íslands. Eftir þann tíma starfaði ég á Ásborg bæði sem aðstoðarleikskólastjóri og í eitt ár sem leikskólastjóri. Frá árinu 2003-2008 starfaði ég sem leikskólastjóri í Holtaborg. Árið 2001 fluttum við fjölskyldan í Mosfellsbæ og frá árinu 2008 hef ég starfað sem umsjónarkennari í Varmárskóla. Í bekknum mínum eru alveg hreint frábærir krakkar og það er alltaf gaman í vinnunni."

Börnin kvíðin

„Haustið 2009 byrjaði ég í viðbótarnámi í leikskólakennarafræðum í Háskóla Íslands. Ég hef lokið við B.Ed gráðuna og útskrifast í júní. Lokaverkefnið mitt er í senn heimildarritgerð og vefsíða. Hugmyndin af ritgerðarefninu vaknaði þegar ég byrjaði að kenna í grunnskóla. Mér fannst mörg barnanna ekki nægilega vel undirbúin og þau höfðu í raun litla hugmynd um hvað þau voru að fara út í og voru kvíðin. Kynningarefni sem stuðst er við í dag er meira og minna í rituðu máli og þessi börn eru í flestum tilfellum óláes. Börnin koma í skólaheimsókn tvisvar sinnum að vori og að hausti mæta foreldrar með barn sitt og dvelja með því í klukkustund í skólanum. Þetta er allt og sumt og ég tel þetta ekki nægilegt. Börn þurfa lengri aðlögun og eiga að fá betri upplýsingar um nýja vinnustaðinn sinn.

Kynningarefnið í formi mynda

„Vefsíðan www.open.is/velkomin sem unnin er af eiginmanni mínum er hugsuð sem fyrsta kynning barns sem er að byrja í skóla og leið til að auðvelda fyrstu sporin í langri skólagöngu. Með því að búa til vefsíðu um efnið er hægt að ná til barnanna og setja kynninguna fram þannig að þau geti sjálf fengið innsýn í þann veruleika og þann stað sem þau koma til með að vera á næstu árin.

Kynningarefnið er í formi ljósmynda, þar sem ungur drengur fær það hlutverk að fara í helstu stofur skólans og kynna sér hvað hægt er að gera á hverjum stað. Á hverri síðu býðst börnum að fara í leiki þegar þau hafa kynnt sér skólaumhverfið.

Tilgangurinn með vefnum

„Þar sem ég starfa í Varmárskóla var fyrsta útgáfa vefsins sett upp þar. Ég er búin að kynna vefinn lítillega fyrir skólayfirvöldum í Mosfellsbæ og leist þeim vel á hugmyndina. Tilgangurinn með vefnum er að skólar hafi kynningarefnið fyrir börnin á heimasíðum sínum.

Ég hef ekki séð þessa hugmynd annars staðar og er mjög stolt af að hafa fengið fyrstu einkunn fyrir verkefnið mitt nú á dögunum. Ég vona innilega að vefurinn skili tilætluðum árangri í framtíðinni og að við fáum brautargengi fyrir áframhaldandi þróun hans og útfærslu fyrir aðra grunnskóla," segir Elfa Dís er við kveðjumst.

Myndir: Ruth Örnólfs, Bonni og úr einkasafni.

Matjurtagarðar í Mosfellsbæ

Opið er fyrir umsóknir um matjurtagarða í Mosfellsbæ. Garðarnir verða aðallega staðsettir í Skarhólamýri, á sama stað og undanfarin ár.

Staðsetningu garða og fyrirkomulag má sjá á meðfylgjandi mynd. Stærð garða og leiguverð er óbreytt frá sl. ári eða 3.000 kr. fyrir leigu á 100 fm garði og 1.500 kr. fyrir 50 fm garð.

Þjónustuver Mosfellsbæjar, Þverholti 2, annast eins og áður móttöku umsókna og tekur við greiðslum. Gert er ráð fyrir að garðar verði afhentir um 20. maí en það er háð því að frost sé farið úr jörðu og búið að plægja garðana.

Ef ásókn verður meiri en svæðið í Skarhólamýri leyfir, þá er mögulegt að úthluta matjurtagörðum í tengslum við skólagarða Mosfellsbæjar, austan Varmárskóla. Einnig hefur náðst samkomulag við Reykjavíkurborg um matjurtagarða í Skammadal en Reykjavíkurborg hefur haft svæðið til umráða undanfarin ár.
Áhugasamir geta sett sig í samband við Sigríði G. Ólafsdóttur hjá Umhverfis- og samgöngsviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111 og látið skrá sig á lista með ósk um garð. Taka þarf fram að viðkomandi sé íbúi í Mosfellsbæ.

Frekari upplýsingar um útleigu garða í Skammadal má finna á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

Allar upplýsingar um frístundastarf má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar
www.mos.is



Fjallagrös

Vinstrihreyfingin-grænt framboð var stofnuð árið 1999 og hefur vegur hennar vaxið jafnt og þétt síðan. Fyrstu árin heyrðust oft útöluraddir um flokkinn, hér væri saman kominn hópur af lopapeysuliði og óstjórntæku öfgafólki sem vildi að þjóðin hyrfi aftur inn í torfkofana og lifði þar á fjallagrösum, mysu og sviðakjömmum. Þetta var á þeim árum þegar ýmsir spaugarar höfðu á orði að botninum yrði náð ef VG kæmist til valda og Ögmundur Jónasson gerður að bankamálaráðherra. Betur að svo hefði farið.

Fyrir fjórum árum bauð VG fyrst fram undir eigin merkjum hér í Mosfellsbæ og hefur starfað í meirihluta síðan. Þar hefur flokkurinn gert sig gildandi, mótað sína sérstöðu og komið stefnumálum sínum á framfæri.

Nú eru kosningar í nánd og VG býður að nýju fram lista með fólki sem hefur víðtæka þekkingu á samfélaginu í Mosfellsbæ. Þar fara saman reynslumiklir einstaklingar og yngra fólk með brennandi áhuga á mannlífi og menningu bæjarins.

Ég hvet alla Mosfellinga til að fylkja sér um V-listann í kosningunum 29. maí næstkomandi og tryggja að rödd VG ómi sterkt á komandi kjörtímabili. Lifi fjallagrösin!

Bjarki Bjarnason. Hann skipar 7. sætið á lista VG í Mosfellsbæ.

Að loknu farsælu kjörtímabili

Kosningavor

Það eru orð að sönnu að tíminn flýgur hratt, einkum þegar vel gengur í lífi og starfi. Nú eru sveitarstjórnakosningar framundan og rétti tíminn til að líta um öxl yfir liðið kjörtímabil og jafnframt fram á veginn.

Eftir góðan sigur í síðustu kosningum komst Vinstri hreyfingin-grænt framboð til áhrifa í Mosfellsbæ og hefur verið í meirihluta allt kjörtímabilið. Þetta var jafnframt í fyrsta skipti á landsvísu sem Vinstri græn mynduðu meirihluta undir eigin merki. Samstarfið hefur gengið afar vel hér í Mosfellsbæ og byggir á trausti og jafnræði flokkanna. Hinsvegar hefur allvíða um land slitnað upp úr meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu og stundum óheilinum kennt um.

Erfiðir tímar í samfélaginu hafa ekki komið í veg fyrir að mörgum mikilvægum verkum hefur verið hrint í framkvæmd í Mosfellsbæ og stafar það ekki síst af mikilli ráðdeild bæjaryfirvalda. Að loknu farsælu kjörtímabili kemur fyrst upp í hugann þakklæti til allra bæjarbúa, starfsmanna Mosfellsbæjar og samstarfsfólks míns í bæjarstjórn.

Meðal þess sem hefur áunnist

- Gjaldfrjáls leikskólagjöld fyrir fimm ára börn komu til sögunnar.
- Nýtt, glæsilegt miðbæjartorg með útilistaverki vígt.
- Mosfellsbær varð fyrst sveitarfélaga til að samþykkja Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla og árlegur dagur jafnréttis í Mosfellsbæ var festur í sessi.
- Nýtt og vandað miðbæjarskipulag samþykkt.
- Framhaldsskóli Mosfellsbæjar tók til starfa.
- Gengið frá samningum um byggingu nýs hjúkrunarheimilis.
- Krikaskóli tók til starfa og skólaþing haldin.
- Frístundaávísanir gefnar út til að styðja við tómstundastarf barna og unglinga.
- Gengið frá stefnumótun um sjálfbæra þróun.
- Umhverfisvæn innkaupastefna og grænt bókhald samþykkt.
- Ævintýragarður og hugmyndir um hönnun hans kynntar.
- Íbúagátt tekin í notkun hjá Mosfellsbæ.
- Nýtt skipurit fyrir Mosfellsbæ tekið í notkun.

Hér er vissulega aðeins stiklað á okkar stærstu framkvæmdum, þær minni skipta ekki síður máli en of langt mál yrði að telja þær upp hér.

Að lokum

Við Vinstri-græn í Mosfellsbæ höfum sannarlega lagt okkar að mörkum við að gera fallegan og góðan bæ enn betri. Við göngum með ánægju til komandi bæjarstjórnarkosninga að loknu farsælu kjörtímabili sem við erum stolt af.

Ágæti kjósandi, ég skora á þig að íhuga vel hverjum þú greiðir atkvæði þitt í vor. Vinstrihreyfingin grænt framboð er heilsteypt og heiðarlegt stjórnmálaafl sem hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag hin síðustu ár.

Karl Tómasson,
forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og efsti maður á lista VG í Mosfellsbæ.

Áherslur í íþróttamálum

Nú líður að kosningum og kominn tími til að upplýsa um stefnumál okkar í Samfylkingunni. Íþróttir skipa stóran sess í daglegu lífi okkar og því ekki úr vegi að taka þann málaflokk sérstaklega fyrir. Það eru ekki allir beinir þátttakendur í íþróttalífi bæjarins en þegar vel er að gáð þá snerta þær okkur öll á einhvern hátt og eru ómissandi hluti af þjóðarsálinni. Í stefnuskrá okkar í Samfylkingunni kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Við viljum efla samstarf þeirra aðila sem koma að skipulagningu íþrótta- og tómstundastarfs annars vegar og skólastarfs hins vegar í þeim tilgangi að vinna að samfelldum vinnudegi barna og unglinga. Mikilvægt er að bæjarfélagið stuðli að fjölbreyttu íþrótta- og frístundastarfi og tryggi góða aðstöðu fyrir starfið. Í þeim tilgangi þarf bæjarfélagið að taka á sig stærri hlut í kostnaði barna og ungmenna, styðja við innra starf og uppbyggingu aðstöðu og útfæra þessa hluti í samstarfi við viðkomandi félög."

Hérna erum við að tala um „samráð" en ekki tilskipanir. Það virðist vera í eðli núverandi meirihluta að reyna að segja fólki fyrir verkum og byggja íþróttamannvirki án samráðs.

Tómstundabíll, hækkun frístundaávísana og fjölnota íþróttahús eru á stefnuskránni, en þar segir jafnframt; *„Til að hámarka gæði barna- og unglingastarfs og efla upplýsingaflæði, greiði Mosfellsbær fyrir nýtt stöðugildi, íþróttafulltrúa Aftureldingar."*

Við í Samfylkingunni leggjum þunga áherslu á ráðningu íþróttafulltrúa Aftureldingar og erum með því að svara ákalli frá félaginu. Það eru starfandi íþróttamenntaðir íþróttafulltrúar hjá flestum fjölgreinafélögum, að frumkvæði og á kostnað sveitarfélaganna. Meirihlutinn hefur tekið fálega í þessa beiðni Aftureldingar og er það miður.

Málið er með rekstur stórra íþróttafélaga eins og Aftureldingar að flestir stjórnarmenn og starfsmenn eru uppteknir af daglegum rekstri, uppteknir af því að láta enda ná saman. Nú er komið að því að þróa starfið áfram, ráða íþróttafræðing sem sér um að: veita faglega ráðgjöf við ráðningu þjálfara, fylgjast með árangri iðkenda, vinnu þjálfara, samræma starf milli deilda, miðla upplýsingum til iðkenda, foreldra og bæjaryfirvalda, taka á einelti, vinna að mótahaldi, forvörnum, fjölga iðkendum og vinna gegn brottfalli. Við erum að tala um að auðvelda félaginu að uppfylla skyldur sínar og kröfur um íþróttalega starfsemi gagnvart iðkendum og bæjarfélaginu.

Á kvöldvöku Aftureldingar þann 5. maí s.l. var haldið áhugavert erindi um bein fjárframlög frá sveitarfélögum til íþróttafélaga. Í stuttu máli þá var niðurstaðan sú að Mosfellsbær mætti standa sig betur og er ekki að gera jafnvel og menn vilja vera láta. Í grein í Mosfellingi þann 9. apríl gera bæjarstjóri og formaður íþrótta- og tómstundanefndar tilraun til að fegra myndina með því að velja sér hentugt sveitarfélag til samanburðar og leika sér með reiknistokkinn. Íþróttafélagi er úthlutað ákveðinn fjöldi æfingartíma í mannvirkjum bæjarins og fyrir það er reiknuð ímynduð leiga sem kemur síðan fram sem styrkur frá bænum. Þegar meirihlutinn vill sýna hærri framlög til íþróttamála þá er þessi ímyndaði verðmiði á hvern æfingartíma, einfaldlega hækkaður.

Ágætu Mosfellingar.

Stöndum vörð um fjölbreytt íþróttastarf, okkur öllum til heilla.

Valdimar Leó Friðriksson
3. sæti á lista Samfylkingarinnar
Lísa Sigríður Greipsson
6. sæti á lista Samfylkingarinnar

AÐALFUNDUR SÖGUFÉLAGSINS

Aðalfundur Sögufélags Kjalarnesþings verður haldinn á Ásláki fimmtudaginn 20. maí kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Gestur fundarins verður fulltrúi frá nýstofnuðu sögufélagi á Kjalarnesi. Nýir félagar eru boðnir velkomnir, boðið verður upp á kaffi og kleinur.

Öldungamót blakara fer fram um helgina

Mosöld 2010, 35. öldungamót Blaksambands Íslands, fer fram að Varmá um helgina. Á myndinni má sjá mosfellsku þátttakendurna sem bera hitann og þungann af mótinu að þessu sinni. Von er á hátt í þúsund keppendum víðsvegar að. Hægt er að fylgjast með á www.mosold.is

Hvers vegna nýtur Mosfellsbær trausts?

Rekstur Mosfellsbæjar hefur gengið vel á undanförnum árum. Á síðustu tveimur kjörtímabilum eða síðan árið 2002 hefur samanlagður afgangur af rekstri verið rúmur milljarður króna. Þetta er einmitt sá tími sem við sjálfstæðismenn höfum verið í meirihluta í bæjarstjórn og á þessu kjörtímabili í góðu samstarfi við VG.

Mikil uppbygging

Fjárfestingar á þessu tímabili hafa verið rúmir þrír milljarðar og þar af hafa tveir af þessum þremur milljörðum verið fjármagnaðir með eigin fé, eða fé sem reksturinn sjálfur hefur skilað. Einn af þessum rúmum þremur milljörðum, sem fjárfest hefur verið fyrir, hefur verið tekinn af láni. Í margar stórframkvæmdir hefur verið ráðist á þessu tímabili og má þar nefna m.a. að byggðir hafa verið 2. og 3. áfangi Lágafellsskóla, Íþróttamiðstöðin Lágafell, gervigrasvöllur að Varmá, Brúarland gert upp og Krikaskóli byggður. Margt fleira hefur verið framkvæmt sem of langt mál væri að telja upp hér.

Fjárhagsstaðan traust

Þrátt fyrir þessa miklu uppbyggingu og þann tekjumissi sem orðið hefur að undanförnu er fjárhagsstaða sveitarfélagsins traust. Mosfellsbær er meðal þeirra sveitarfélaga sem ber hvað lægstar skuldir á íbúa. Ástæða þessa er einföld, hér hefur verið unnið ábyrgt og gott verk á undanförnum árum. Mosfellsbær fór aðrar leiðir en önnur sveitarfélög við uppbyggingu sveitarfélagsins. Ekki var ráðist í uppkaup á landi og dýrar framkvæmdir. Það þótti alltof mikil áhætta fyrir bæjarfélagið og íbúa þess. Þess í stað var samið við landeigendur um að þeir stæðu sjálfir að uppbyggingunni og seldu byggingarrétt, auk þess sem þeir greiða bæjarfélaginu ákveðna upphæð á hverja íbúðareiningu sem rennur til uppbyggingar skólamannvirkja í hverfinu sem er hins vegar á könnu Mosfellsbæjar eins og gefur að skilja. Vegna þessa gat Mosfellsbær grynnkað á skuldum í góðærinu.

Samstillt átak

Því er ekki að leyna að rekstur sveitarfélaga er erfiður um þessar mundir. Tekjur hafa dregist mjög saman og hækkun verðlags orðið mikil. En með samstilltu átaki hefur tekist að ná fram nauðsynlegri hagræðingu og sparnaði til að endar nást saman. Á árinu 2009 var afgangur af rekstri 367 m.kr. fyrir fjármagnsliði. Tekist hefur að standa vörð um þá góðu þjónustu sem sveitarfélagið veitir og er það afar mikilvægt á þeim tímum sem við lifum nú á. Þetta er ekki síst starfsfólki Mosfellsbæjar að þakka sem lagt hafa sig fram um að sýna ráðdeild í rekstri og tekið breyttum verkefnum með jákvæðni og umhyggju. Á síðasta ári og á þessu, þarf sveitarfélagið að sækja framkvæmdafé á lánsfjármarkaði. Staða sveitarfélagsins og sú ábyrgð sem það hefur sýnt í rekstri hefur orðið til þess að lánskjörin sem því hefur hlotnast eru með því allra besta sem sveitarfélögum hefur boðist. Mosfellsbær nýtur trausts.

Nú líður að sveitarstjórnakosningum. Við Sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ bjóðum fram krafta okkar til að vera áfram leiðandi afl í stjórnun bæjarins okkar. **Það skiptir máli hverjir stjórna.** Setjum X við D á kjördag, fyrir Mosfellsbæ og framtíðina.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE
Kristín Rúnarsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili í 10 ár
Sími: 861-7667
kristinherbalife@gmail.com
facebook Allir fyrir Herbalife fyrir Alla

HERBALIFE

Frábær ný vara komin - Formula 1 Expess Bar
Næringarík máltíð í einni stöng!

ERUM MEÐ TILBOÐ Í GANGI!
Nýir eigendur - Nýjar perur
Vertu velkominn, við tökum vel á móti þér
Opnunartími:
Mánud. – föstud. kl. 11-22
Laugardaga kl. 12-20
Sunnudaga kl. 12-20
GUFUBAÐ
LJÓSABEKKIR
GÓÐAR HÚÐVÖRUR
STURTUR
NUDDKAR
Sólbaðstofa Mosfellsbæjar
Þverholti 5 - Sími: 566-8110

✓RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggiltur leigumiðlari
Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Viltu vera helmingi fljótari að þrífa?
Nota 90 % minna af hreinsiefnum?
Þá eru ENJO umhverfisvænu hreinlætisvörurnar
eitthvað fyrir þig
Frábær tilboð á kynningum í mars og apríl
Nýr ENJO ráðgjafi í heimabyggð
Jóna Magnea Hansen
Sími: 777 3023
jonamagnea@gmail.com
ENJO CLEAN THE WORLD

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR
CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga– og mælitæki sem völ er á hér á landi
Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan
Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is
NÝJA BÍLASMIÐJAN HF
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Kæru íbúar

Öll höfum við fylgst með því sem hefur verið að gerast í þjóðfélaginu undanfarið með undrun og óbragð í munninum. Var þetta virkilega svona og er þetta virkilega svona enn? Hvað getum við gert til þess að breyta þessu?

Fyrir mér er ein af megin ástæðunum fyrir undangenginni atburðarás, sérhagsmunagæsla stjórnmálaflokka. Stjórnmálamanna sem með gjörðum eða aðgerðaleysi hafa unnið gegn almannahagsmunum til þess að verja sérhagsmuni lítilla hópa. Það hefur komið í ljós að stjórnvöld sögðu ósatt um óumflýjanlegt hrun bankanna, sem þau sjálf eiga stóra sök á. Þessi ósannindi hafa orsakað eignatjón hjá almenningi sem vart verður metið nema í þúsundum milljarða króna en þeir sem höfðu upplýsingarnar gátu lagfært sína stöðu. Í kjölfar bankahrunsins horfum við svo uppá að eigendur fyrirtækja sem höfðu keyrt þau í þrot fá að halda þeim en skuldir felldar niður, skattastefnu sem dýpkar kreppuna, engar lýðræðisumbætur, ekkert stjórnlagaþing, enn er ráðið og skipað í mikilvægar samninganefndir eftir flokkskírteinum án þess að huga að hæfni. Það hefur ekkert breyst!

Ég get ekki hugsað mér að styðja neinn af þeim flokkum sem hafa boðað lista til bæjarstjórnar í Mosfellsbæ vegna tengsla þeirra við landsmálaflokka. Ég er í raun öskureiður út í þá og merki að svo er um fleiri. Mig langar að kjósa venjulega Mosfellinga í bæjarstjórn. Fólk sem hefur pólitískan landsmálaflokk hvergi í forgangsröðinni hjá sér, en um það var ekkert val. Þetta var í raun kveikjan að Íbúahreyfingunni í Mosfellsbæ. Margt af fólkinu á listum landsmálaflokkanna er vænsta fólk sem ég mundi treysta fullkomlega til þess að þjóna bæjarbúum vel, en fyrir mér eru stjórnmálaflokkarnir sem það kýs að bjóða sig fram í óyfirstíganlegur þröskuldur fyrir mitt atkvæði.

En eru flokkarnir ekki að breytast?

Ég sé engar augljósar breytingar aðrar en breytta orðræðu. Við lestur umsagnar sem fulltrúar allra flokka í bæjarstjórn Mosfellsbæjar skrifaðu undir um persónukjör og má sjá hér *http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=138&malnr=102&dbnr=138&nefnd=a*, er nokkuð ljóst að þeir ætla ekki að opna á vald fólksins. Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ vill að íbúarnir fái að kjósa um þau mál sem þeir óska eftir að kjósa um. Í stærri málum sem ætla má að skipti íbúana verulegu máli ætti sjálfgefið að vera íbúakosning. Ég tel það hvorki flókið né kostnaðarsamt að setja upp rafrænt kerfi sem gæfi öllum íbúum kost á að nýta sér þetta vald. Mosfellsbær gæti verið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd að þessu leyti. Sum mál tækju eflaust lengri tíma, stjórnsýslan yrði að vera mun opnari og gagnsærri, en er ekki krókur betri en kelda og höfum við ekki lært lexíuna um að rasa ekki um ráð fram af því sem gerst hefur undanfarið?

Við hjá Íbúahreyfingunni í Mosfellsbæ viljum aðskilja framkvæmdavaldið frá bæjarstjórninni að svo miklu leyti sem hægt er. Við viljum því ráða faglegan bæjarstjóra, við teljum öruggt að til þess þurfi hvorki samning um ofurlaun né dýran starfslokasamning, þess hefur aldrei þurft. Þetta er stjórnunarstarf eins og hvert annað og mikið af hæfu fólki sem getur sinnt því vel.

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ gefur kjósendum Mosfellsbæjar val um að kjósa venjulega Mosfellinga sem hafa engra hagsmuna að gæta í landsmálaflokkum en vill gagnsæja stjórnsýslu og aukið lýðræði.

Jón Jósef Bjarnason
skipar 1. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar

Lýðræðisleg og styrk stjórn

Krafan um aukið íbúalýðræði hefur farið vaxandi og nú er svo komið að við teljum þetta sjálfsagt, sem það er. Á síðustu árum höfum við kallað eftir sjónarmiðum íbúa í öllum helstu málaflokkum. Haldin hafa verið íbúaþing um skipulagsmál, skólamál umhverfismál og menningarmál. Á næstu árum viljum við auka enn frekar á samráð við íbúa og leita leiða til að tryggja þátttöku sem flestra íbúa í slíku samráði. Við ætlum að móta lýðræðisstefnu og reglur um íbúakosningar. Einnig viljum við virkja ungt fólk til þátttöku í mótun bæjarins með virku ungmennaráði.

Skilvirkni, gegnsæi og lýðræði

Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á að stjórnsýsla bæjarins sé skilvirk, gegnsæ og lýðræðisleg. Við viljum á næstu árum auðvelda íbúum enn frekar aðgengi að upplýsingum um stöðu mála, verkefna og rekstur. Íbúar eiga með auðveldum hætti að geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld. Við viljum tryggja gegnsæi í störfum bæjarstjórnar með því að gera bæjarstjórnarfundi aðgengilega á netinu. Við ætlum að auka enn frekar aðkomu bæjarbúa að ákvarðanatöku, þó án þess að firra kjörna fulltrúa ábyrgð á verkum sínum.

Samstaða kjörinna fulltrúa

Á síðustu árum hafa landsmenn fengið sig fullsadda af pólitísku karpi kjörinna fulltrúa. Í Mosfellsbæ hefur tekist að mynda þverpólitíska sátt um fjárhagsáætlanir 2009 og 2010 en þær voru lagðar fram sameiginlega af öllum flokkum. Slík samvinna kallar á breytt vinnubrögð og samstarfsvilja hjá öllum aðilum. Allir sem gefa sig í störf fyrir samfélagið eiga að hafa það að leiðarljósi að standa vörð um góða hluti og leitast við að gera enn betur. Stundum greinir okkur á um hvaða leiðir eru bestar, um það snúast stjórnmál, en það þýðir ekki að við getum ekki náð samkomulagi um farsælar lausnir fyrir heildina. Kjörnum fulltrúum ber að leita leiða til að vinna saman með hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi.

Bryndís Haralds
skipar 3. sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir sveitarstjórnakosningar 29. maí

Aðsendar greinar

um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR

Notum tækifærið

Fyrir kosningar er það helsta verk frambjóðenda að vekja athygli á baráttumálum sínum og freista þess að koma þeim á framfæri við kjósendur. Oft er margt keimlíkt í stefnuskrám flokkanna þar sem meðal annars er fjallað um skóla-, velferðar- og umhverfismál og auðvitað allt nærumhverfi íbúanna.

Eitt er þó sem skilur að VG og aðra flokka því við höfum alltaf verið á móti einkarekstri á opinberum stofnunum. Hugmyndir frjálshyggjunnar um að flestu sé betur komið í höndum einkaaðila en hjá hinu opinbera lifir enn góðu lífi. Þessi hugmyndafræði hefur hvergi gengið upp hjá sveitarfélögunum og er Reykjanesbær besta dæmið um það. Íþróttamiðstöðin Lágafell er einnig ágætt dæmi um einkarekstur sem gekk ekki upp. Eftir að bærinn tók við rekstrinum hefur það sýnt sig að hann er hagkvæmari, viðhald betra og þjónustan við bæjarbúa allt önnur.

Þótt kosningaloforð séu góðra gjalda verð skiptir mestu máli hverjar efndirnar eru. Verkefni kjörtímabilsins er að koma loforðunum í framkvæmd og auðvitað tekst aldrei að ljúka við allt sem stefnt er að, allra síst við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu. Mér finnst samt að við Vinstri-græn getum verið mjög ánægð með það sem áunnist hefur við að koma stefnumálum okkar á framfæri, enda komumst við til áhrifa með þátttöku í meirihluta í bæjarstjórn.

Komandi kosningar skipta miklu máli fyrir flokkana á landsvísu. Kjósendur þurfa að huga að því að þeir eru ekki aðeins að kjósa til sveitarstjórna heldur einnig að lýsa yfir stuðningi við viðkomandi flokk á landsvísu. Uppgjörið við hrunið mun ekki takast nema hrunflokkarnir tapi verulegu fylgi í kosningunum. Sveitarstjórna=kosningarnar er fyrsta tækifæri landsmanna til að gera upp við stjórnmálaflokkana eftir hrunið. Notum það tækifæri.

Ólafur Gunnarsson,
formaður VG í Mosfellsbæ.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

www.rafsjon.net
vefsíðugerð - umbrot - nafnspjöld
Mosfellingar fá 10% afslátt af allri þjónustu
Rafsjón ehf - s: 690 8279 - rafsjon@rafsjon.net - www.rafsjon.net

Sjúkraþjálfun & Sjúkrarudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær
Sími 578 5080

Jósúa verktakar ehf.

Stífluþjónusta, endurlögn, dren og skolplagnir
Sími: 856-4480
Pípulagningaþjónusta staðsett í Mosfellsbæ
Sími: 856-4481

GÓÐIR MENN EHF
Rafverktakar
GSM: 820-5900


- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

Rétt hjá JÓA
Réttingar og sprautun
Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497
www.retthjajoa.is

ÁLAFOSS
Verslun, Álafossvegi 23
WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.
JARÐMÓTUN EHF
Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ s. 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Áherslur Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ er ákjósanlegur valkostur fyrir Mosfellinga í komandi kosningum. Íbúahreyfingin mun beita sér fyrir auknu íbúalýðræði og umræðu um málefni bæjarins. Til að mynda viljum við að tiltekinn hluti íbúa geti kallað fram íbúakosningu um einstök mál að undangenginni hlutlausri og faglegri kynningu. Ákvörðun um byggingu menningarhúss er gott dæmi um mál sem íbúar ættu að fá að kjósa um.

Íbúahreyfingin hyggst beita sér fyrir faglegri og gegnsærri stjórnsýslu. Við viljum að skipað verði í nefndir á faglegum forsendum og að virkar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa verði viðhafnar.

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ boðar valddreifingu. Við viljum skilja á milli framkvæmdavalds (bæjarstjóra) og löggjafarvalds (kjörinna fulltrúa). Á þeim forsendum hugnast okkur að bæjarstjóri verði ráðinn á faglegum forsendum og á hóflegum kjörum fremur en að oddvitar lista séu bæjarstjóraefni. Að sama skapi þurfa skýrar reglur um verkaskiptingu milli kjörinna fulltrúa og embættismanna að vera til staðar. Íbúahreyfingin vill ekki að fulltrúar í bæjarstjórn sitji lengur en tvö kjörtímabil.

Íbúahreyfingin boðar ábyrga fjármálastefnu á erfiðum tímum þar sem áhersla á velferð allra íbúa og almannahag verði ávallt í forgangi.

Íbúahreyfingin leggur áherslu á lýðræðislegri Mosfellsbæ og skorar á bæjarbúa að gera slíkt hið sama í sveitarstjórnakosningunum þann 29. maí næstkomandi.

Þórður Björn Sigurðsson, skipar 2. sæti á lista Íbúahreyfingarinnar

Mosfellsbær er bær tækifæranna

Gerðu ekki eins og ég geri heldur eins og ég segi. Hver hefur ekki reynt þessa aðferð í uppeldi? Staðreyndin er aftur á móti sú að börn heyra ekki alltaf hvað við segjum en þau sjá vel hvað við gerum. Ef þú ferð út og reimar á þig hlaupaskóna gerir barnið þitt það líka. Ef þú stekkur inn í næstu sjoppu og færð þér pylsu og kók, gerir barnið þitt það líka. Ef þú lest aldrei bækur, hlustar ekki á tónlist né ert forvitinn um nýjungar lærir barnið ekki að hafa áhuga á bókum, námi eða listum. Þetta er auðvitað ekki alhæfing en við verðum öll að vera samkvæm sjálfum okkur, góðar fyrirmyndir. Við foreldrar erum ekki ein um að ala upp börnin okkar. Börnin okkar eru alin upp víða um Mosfellsbæinn og draga til sín áhrif umhverfisins. Þess vegna verðum við að stuðla að því að bærinn okkar verði góður staður fyrir börnin okkar og fjölskylduna. Mosfellsbær er bær þeirra tækifæra, bær þar sem allir skipta máli.

Börnum Mosfellsbæjar búið gott hreiður

Við þurfum að stefna að því að bærinn okkar ali hamingjusöm börn og ungmenni sem geisla af vellíðan og heilbrigði. Við höfum öll tækifærin til að bæta heilsu þeirra, bæði líkamlega og andlega. Bærinn hefur sett sér lýðheilsustefnu, framhaldsskólinn leggur áherslu á heilsutengd málefni og nýlega var kynnt íþróttaakademía sem stofnuð verður við skólann. Það er því mikill vilji til þess í umhverfinu að búa börnum Mosfellsbæjar gott hreiður. Framboð tómstunda í umhverfinu er gríðarlega fjölbreytt. Börn og unglingar geta stundað hestamennsku, golf, farið í fjallaferðir, stundað á annan tug íþróttagreina, tekið þátt í starfi skátanna, farið í tónlistarnám, myndlistarnám svo fátt eitt sé talið. Það sýnir ást og velvilja til barnanna og framtíðar þeirra að hvetja þau til þess að kynna sér það sem í framboði er. Það styrkir þau til framtíðar og leggur inn í heilsubankann þeirra, andlegan og líkamlegan.

Kraftmiklir sjálfstæðismenn

Við sjálfstæðismenn erum bæði hugsjónarmenn og gerendur. Mosfellsbær ber það með sér að hér hafa sjálfstæðismenn verið við völd um nokkurt skeið. Kraftur og frumkvæði hefur einkennt uppbyggingu bæjarins og vert er að geta þess að bærinn hefur öfugt við mörg önnur bæjarfélög komist hjá ofur skuldsetningu og leitast nú við að byggja upp nýja atvinnu í bænum. Það er dýrmætt á þeim tímum sem við lifum á. Við leggjum áherslu á að varðveita þá gríðarlegu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í bæjarfélaginu í págu fjölskyldna og einstaklinga í bænum og viljum halda áfram að byggja upp sterka vitund um heilsu í íþróttabænum Mosfellsbæ. Ég bið þig að hafa það í huga þegar þú gengur að kjörkassanum þann 29. maí næstkomandi.

Eva Magnúsdóttir, forstöðumaður hjá Mílu og varaþingmaður er í framboði til sveitarstjórnakosninga fyrir Sjálfstæðisflokkinnn í Mosfellsbæ.

Breytingar í knattspyrnudeild Aftureldingar

Stjórn í hverjum flokki

Verulega hefur þrengt að rekstri knattspyrnudeildarinnar eftir að þrír stórir samningsaðilar riftu samningum í kjölfar efnahagsþrenginganna. Síðan þá hefur rekstur-inn veikst verulega.

Þegar þrengir að þarf að hugsa hlutina upp á nýtt. Stjórn barna – og unglingaráðs, bur, ákvað að leita til foreldra í öllum flokkum. Skipuð hefur verið fjögurra manna stjórn í hverjum flokki; formaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Formaður sér um að kalla saman stjórnina og halda starfinu gangandi, gjaldkeri aðstoðar þjálfara við að skrá iðkendur í flokkinn. Einnig sé hann um að koma æfingagjöldum í innheimtu. Meðstjórnendur aðstoða við það sem til þarf. Æ fleiri íþróttafélög hafa farið þessa leið með góðum árangri.

En það er önnur ástæða fyrir því að ákveðið var að fara út í þessar breytingar; fjáraflanir sem stjórnin hefur staðið fyrir undan farin ár hafa ekki gengið vel en fjáraflanir sem flokkarnir hafa sjálfir staðið fyrir hafa gengið mun betur. Krafturinn í starfinu er í flokkunum sjálfum. Nú fer hluti af afkomu fjáraflana í hverjum flokki í að greiða þjálfara laun en rest í þá atburði sem stjórn flokksins ákveður.

Stjórn bur mun starfa óbreytt áfram en í góðri samvinnu við alla flokka með því að boða formenn hvers flokks til fundar fjórum sinnum á ári. Einnig fær bur sendar fundargerðir eftir fundi flokkana. Með þessu móti er stjórn bur í mun meiri tengslum en áður við starfið í hverjum flokki. Stjórnin mun áfram bjóða upp á fjáraflanir, stórar sem smáar. Allt snýst þetta um að halda rekstrinum gangandi og starfinu í viðunandi horfi, börnunum okkar allra til bóta.

Stjórn bur vill þakka foreldrum fyrir að bregðast fljótt og vel við þessum breytingum. Mögulega eiga eftir að koma upp hnökrar en vandamálin eru til að leysa þau.

Við erum öll í sama félagi. Áfram Afturelding!

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs, Kolbrún Þorsteinsdóttir formaður

Kverkatak á miðbæ

Í janúar síðast liðnum hittist félagsfólk úr gamla Kaupfélagi Kjalarnesþings. Tilefnið var að ræða málefni kaupfélagsins, sem hætti rekstri fyrir fjölda ára en hefur aldrei verið lagt niður. KKÞ var öflugt fyrirtæki á sínum tíma og sinnti verslunarrekstri fyrir íbúa Mosfellssveitar, Kjalarness og Kjósar og einnig sótti þangað fólk úr Þingvallasveit og Grafningi. Haldnir voru reglulega stjórnarfundir og aðalfundir, lögð fram reikningsskil og boðað til funda löglega að þeirra tíma hætti. Svo undarlega brá við eftir að búðin hætti rekstri sínum að einhverjir tóku að sér stjórnina, en löglegir félagsmenn fengu ekki fundarboð.

Nú er svo komið að félagsfólk krefst þess að fá vitneskju um hverjir séu félagar, hvar er félagaskrá, hafa einhverjir sagt sig úr félaginu, hvar eru fundargerðir, hverjir eru forsvarsmenn og hverjir kusu þá, hvenær voru fundir haldnir og hvenær og hvernig var boðað til fundanna? Þess má geta hér að á félagsfundi í KKÞ 11. ágúst 1995 voru 67 félagsmenn mættir, hafnað var að leggja niður verslunarrekstur og leigja til 10-11. Á fundinum sagði starfandi stjórnarformaður af sér og nýr tók við. Um tæplega 200 félagsmenn voru þá í félaginu. - Í lögum um samvinnufélög segir að viðskiptaráðherra fari með málefni þeirra og getur hann kallað saman fund ef þurfa þykir.

Mosfellsbær hefur um nokkurt skeið unnið að nýju miðbæjarskipulagi sem liggur gróft sagt milli Langatanga og Þverholts. Nýrri kirkju og menningarhúsi er ætlað stæði á því skipulagssvæði. KKÞ hefur um árabil haft leigulóðir frá Mosfellssveit og síðar bæ á hluta þessa svæðis, rúmlega 6000 fermetra, þar sem standa gamlar byggingar kaupfélagsins. Viðræður hafa staðið frá 2007 milli aðila og KKÞ andmælti ekki auglýsingu um samkeppni í hönnun kirkju-og menningarhúss. Þann 30. maí 2008 lágu fyrir samningsdrög í átta greinum milli aðila, þar sem kirkju-og menningarhúsi var komið fyrir og jafnframt athafnasvæði fyrir KKÞ með byggingamagni 6890 fermetrum. - KKÞ dró að ganga frá samningsdrögum. Um haustið urðu lögmenn MOS áskynja að KKÞ hafði látið þinglýsa 200 milljóna handhafaskuldabréfum á leigulóðir sínar þann 30. maí án samráðs við MOS. Engin svör hafa fengist frá KKÞ vegna þessa. Þann 1. júlí 2009 héldu aðilar sinn síðasta fund þar sem KKÞ vildi fá hálfan milljarð fyrir leigulóðir og mannvirki. Eftir það fór Mosfellsbær í útburðarmál, sem tapaðist bæði í héraði og Hæstarétti.

Að fylgjast með þessum ótrúlegu málum hvarflar að sumum hvort þarna sé á ferð einhver angi af Samvinnutryggingamálinu. Alla vega finnst mörgu kaupfélagsfólki frá fyrri tíð miður verði eignir þess í KKÞ notaðar til kúgunar gegn bæjarfélaginu.

Gylfi Guðjónsson

Grunnþjónusta, hver er hún?

Í ræðu og riti bæjarfulltrúa meirihlutans í bæjarstjórn Mosfellsbæjar að undanförnu er ávallt dregin upp sú mynd að fjárhagsleg staða Mosfellsbæjar sé betri en flestra annarra sveitarfélaga í landinu. Þetta kann að vera rétt en það er engu að síður staðreynd að rekstrarniðurstaða A og B hluta ársreikningsins er neikvæð upp á 267 milljónir. Hálfsokkið skip er ekkert í betri stöðu þó í kringum það sé fjöldi skipa sem komin eru á kaf.

Við aðstæður eins og nú eru í fjármálum sveitarfélagsins er mikilvægt að skýrt sé talað um hvernig eigi að forgangsraða í fjárveitingum til ólíkra málaflokka. Á undanförnum árum hefur orðið sú þróun í fjármálastjórn opinberra aðila hér á landi að þeim sem fara með daglega stjórn málaflokka eða einstakra stofnana hefur verið veitt aukið frelsi til að ráðstafa fjármagni sem til umráða er fyrir viðkomandi málaflokk eða stofnun. Þegar að kreppir og skera þarf fjárveitingar niður er ekki óeðlilegt að kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn hafi meira um ráðstöfun hins takmarkaða fjármagns að segja. Það er ekki hægt að ætlast til að starfsmenn bæjarins taki ákvörðun um að skera niður þjónustu, t.d. í skólunum eða sem eldri borgurum hefur verið veitt, og að þeir beri þannig ábyrgð á lakari þjónustu bæjarfélagsins við íbúana. Þeir sem fara með stjórn bæjarins hljóta að þurfa að gefa skýr fyrirmæli um til hvers nota eigi það takmarkaða fé sem bærinn hefur yfir að ráða.

Það hefur mikið verið fjallað um forgangsröðun í fjölmiðlum og víðar að undanförnu. Þegar sveitastjórnamenn eru spurðir um hvar þeir hyggist skera niður í útgjöldum sveitarfélaganna er svarið oftast að áhersla verði lögð á að standa vörð um grunnþjónustuna í viðkomandi sveitarfélagi. Ekkert verði skorið niður í grunnþjónustu á sviði fræðslumála og í félagsþjónustu. En hvað er grunnþjónusta? Samband íslenskra sveitarfélaga hefur skilgreint hugtaki grunnþjónusta á sviði fræðslumála og félagsþjónustu. Ganga verður út frá að sveitarstjórnarmenn miði við þessa skilgreiningu þegar þeir tala um grunnþjónustu. Í leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga um skilgreiningu á grunnþjónustu á sviði fræðslumála segir: *Við mat á því hvort verkefni flokkist sem grunnþjónusta verður einkum að horfa til þess hvort um lögbundið verkefni er að ræða og hvernig sú skylda er skilgreind í lögum. Í leiðbeiningunum er því leitast við að upplýsa sveitarfélögin um helstu lagaskyldur sem á þeim hvíla á sviði fræðslumála.* Og um félagsþjónustuna segir: *Í lögunum* [Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991] *er kveðið á um ákveðna þjónustuþætti sem veita á og það er ótvírætt að þeir fela í sér grunnþjónustu sem sveitarfélög geta ekki vikið sér undan að veita þeim sem þurfa á henni að halda.* Það er því ljóst að þegar menn berja sér á brjóst og halda því fram hróðugir að þeir ætli að standa vörð um grunnþjónustuna þá eru þeir í raun að segja að þeir muni fylgja landslögum en ekki gerast lögbrjótar.

Samfylkingin þarf að fá kröftugan stuðning kjósenda í komandi kosningum. Með því tryggjum við að fjármagni verði veitt í öfluga stuðningsþjónustu við þá sem höllum fæti standa námslega, félagslega og efnalega, óháð því hvort slík þjónusta er skilgreind sem grunnþjónusta eða ekki.

Hanna Bjartmars bæjarfulltrúi Samfylkingar, og Anna Sigríður Guðnadóttir fulltrúi Samfylkingar í fræðslunefnd.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

HERBALIFE

Kolbrún Rakel Helgadóttir

kolbrunrakel@gmail.com
Lerkibyggð 5 - Mosfellsbær
Sími: 869-7090

Nýjir viðskiptavinir velkomnir

www.youcanworkfromhome.net

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon
Löggiltur rafverktaki
Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is
www.elektrus.is

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR
Þverholti 3 - Sími: 566-6612

gudni.is
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN
Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING
Í MOSFELLINGI
KR. 5.000 + vsk.*
Rúmlega nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm
*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

KYRRÐARDAGUR
Í MOSFELLSKIRKJU
LAUGARDAGINN 15. MAÍ KL. 9 - 15

ÍHUGUN - KYRRÐ - ÚTIVERA
Centering Prayer
Andleg og líkamleg næring
Upplýsingar og skráning, sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sími 869 9882
Allir velkomnir

Heyrst hefur...

...að '72 árgangurinn hafi sigrað árgangamótið á Tungubökkum um helgina.

...að Kalli Erlings, fyrrum handbolta-þjálfari Aftureldingar, hafi tekið saman helstu leikkerfi liðsins og látið Geir Sveinsson, þjálfara Gróttu, fá fyrir úrslitarimmuna.

...að Siggi Hlö þeyti skífum í Hraunhúsum á föstudaginn.

...að Fasteignasalan Berg sé nú komin með húsnæði í Framsóknarsalnum í Háholti.

...að yfir opnunarhelgina í Grillnesti á dögunum hafi farið um 1000 hamborgarar í svanga Mosfellinga.

...að búið sé að opna lítið og sætt kaffihús í Álafosskvosinni.

...að bærinn fyllist af blökurum næstu daga.

...að Sigurlaug á lista Vinstri grænna sé systir Ómars Ragnarssonar.

...að Bubbi hafi frestað ókeypis tónleikunum sínum sem hann ætlaði að halda í Hlégarði 5. maí.

...að búið sé að semja við Gunnar Andrésson um að þjálfa handbolta-strákana næstu tvö árin.

...að Dúettinn Hljómur verði á Cafe Kidda Rót á föstudagskvöld fram eftir nóttu.

...að 80% barna hafi nýtt sér frístundaávísunina í fyrra.

...að meðal áhorfenda á Gildrutónleikunum hafi verið Jóhanna Guðrún, Gummi úr Sálinni, Ragnar Braga og menntamálaráðherra.

...að hestahóstinn í hesthúsahverfinu sé nú loks í rénum.

...að fyrsti leikur sumarsins hjá stelpunum í Pepsi-deildinni fari fram á morgun, fimmtudag kl. 14 gegn Stjörnunni að Varmá.

...að Frímann Lúðvíks hafi misst fjóra ketti á einni viku úr Brattholtinu. Dularfullt kattahvarf í Mosfellsbæ.

...að Rikki Daða hafi tekið þátt í árgangamótinu í fótbolta sem fram fór á Tungubökkum um helgina.

...að Tik Tok skinkulagið hennar Mollýjar hafi slegið í gegn.

...að Kristjón Daða sé 25 ára í dag.

...að það séu 17 dagar í kosningar.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

Glæsilegur hópur kvennanna í árgangnum.

Mikil stemning í Hlégarði laugardaginn 8. maí

Reunion '69 árgangsins

Það var rífandi stemning í Hlégarði á reunion´ 69 árgangsins úr Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar er blaðamaður leit þar við. Eftir ljúffengar veitingar mættu leynigestir kvöldsins þau Gylfi Pálsson, Birgir D. Sveinsson, Brynhildur Ragnarsdóttir og Þórarinn Jónasson. Það var mál manna að vel hefði tekist til enda góð mæting.

Góð mæting á endurfundina í Hlégarði

Ólöf Una, Elísabet og Heiðveig í banastuði.

Glæsimeyjarnar Hrefna Lind og Regína.

FYRIR / EFTIR

Klipping: Katrín Sif Jónsdóttir
Módel: Heiðdís Snorradóttir

Hárstofan Sprey
Háholt 14
S. 517 6677

Nýtt collection
fyrir sumarið 2010 er væntanlegt

Naglastelpa hefur hafið störf hjá okkur
Tilboð út maí akril/gel neglur
með frensi á aðeins 4.500 kr

Í eldhúsinu hjá Guðrúnu

Sjávarréttasúpa með ferskjum

Guðrún Hauksdóttir þroskaþjálfi í Klébergsskóla á Kjalarnesi gefur okkur uppskrift að þessu sinni.

„Uppskriftina fékk ég hjá Katrínu Cýrusdóttur vinkonu minni og samstarfskonu. Ég nota þessa uppskrift mjög mikið enda er hún bæði einföld og fljótleg og alveg einstaklega góð. Mér hefur fundist gott að setja smá ceyenne pipar um leið og basilikuna en þá verður súpan bragðsterkari en það þarf að fara varlega í það. Ég hef nokkrum sinnum boðið gestum í mat í þessa súpu við mikla hrifningu."

Sjávarréttasúpa með ferskjum fyrir 2 - 3.

1 laukur (smátt skorinn)
2 tsk. karrý
látið malla í olíu.
4 dl. vatn
1 tsk. grænmetiskraftur (Oskar)
1 dós tómatpúrra (Italian herbs / garlic, basilicum & oregano)
soðið í 10 mín.

½ dós ferskjur og safi
kryddað með basiliku og soðið

Í lokin er sett í pottinn 2 ½ dl. rjómi, rækjur, hörpudiskur og humar.
Borið fram með góðu brauði og ekki er verra að hafa ískalt hvítvín með.
Verði ykkur að góðu.

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Karítas Katja fæddist 8. desember 2009. Foreldrar hennar eru Ragnheiður Hafsteinsdóttir og Maurice Zschirp. Hún á eina systur sem heitir Kamilla Ylfa fædd 2007.

Eva Nótt fæddist 26. mars 2010 og var hún 3140gr og 48,5 cm. Foreldrar hennar eru Bergvin Örn Kristjánsson og Dagný Björnsdóttir.

REDDARI EHF

- Parketslípun
- Parket niðurlagnir
- Allt viðhald parkets
- Kem á staðinn og geri föst verðtilboð.

Upplýsingar í síma 822-0636

REDDARI EHF

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

B&T Bifreiðar tæki

Fékkstu Endurskoðun?

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR
- Bremsur
- Demparar
- Blettun & Málun
- Smáréttingar
- Smurþjónusta

Völuteigur 11, 270 Mosfellsbær
Sími: 565-5333 & GSM: 856-0226

Drauma Kaffi

Drauma Pizza

Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

VINNUSTOFA, GALLERÝ, STUDIOÍBÚÐ TIL SÖLU

Viltu vinna í sögulegu umhverfi meðal listamanna?

Rýmið er í gamla Álafosshúsinu.

Miklir möguleikar að breyta í vinnu/studioíbúð.

Eignin er um 40 fm, með stórum gluggum

Og leyfi fyrir svölum.

Verð 7.5 m. upplýsingar í s. 690-3622.

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10 Þorsteinn 822-7142

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 28. MAÍ

Skilafrestur efnis og auglýsinga er 24. maí.

mosfellingur@mosfellingur.is

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppi & epoxy gólfefni

STOFAN

ELDHÚSIÐ

VINNUSTAÐURINN

SteinTeppi.is
Sími 864 6600 | www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera í sumar?

STULLI: Vinna í Fiskbúðinni og fara til útlanda

BJARTUR: Ég ætla að hanga.

ATLI: Það verður unnið í allt sumar

GEIR: Vinna á sjónum, fara á þjóðhátíð og til Spánar.

SANDRA: Útlandaferðir, Húnavaka og Eyjar.

GUÐBJÖRG: Djamma og vinna.

Skvísurnar á Sálinni

Hvar er draumurinn?

Villi sprækur



Par exelans

Gylfinn mættur

Undir (þínum) áhrifum



Fjórir fræknir

Vala og Systa á tjúttinu

Allt er á tjá og tundri

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Aftureldingardrengirnir

Skál fyrir Mosfellingum

Með pabba á dansiballi

Fjör á dansleik að Varmá

Sigrún og Kolbrún

Svan the Man

MOSFELLINGUR er á... facebook

Mello yellow

Léttar í lundu

Gummi og Ödd

Sjúbbídú



Alexý og Bogi

Á SKJÁNUM

STEINDINN OKKAR HÉLT FLOTT FRUMSÝNINGARPARTÝ

TVÍFARAR

ÞYRÍ

ÁSDÍS RÁN

BARINN ER OPINN

Þökkum kærlega fyrir frábært kvöld 1. maí

ÁSLÁKUR

BESTIR Í HEIMI

Ég hef alltaf verið stoltur Aftureldingarmaður og ekki dró úr því stolti nú um daginn þegar Afturelding tryggði sér sæti í efstu deild á næstu leiktíð. Fyrst byrjuðu strákarnir á því að taka Eyjapeyjanna tvo leiki í röð og meira að segja öruggan sigur í Eyjum. Svo var röðin komin að Gróttumönnum sem fyrir fram áttu nú ekki að eiga í vandræðum með kjúklingana úr Mosfellsbæ samkvæmt boltaspekingum.
Gróttumenn voru sigraðir með mikilli baráttu út á Nesi og spurðu sumir boltafræðingarnir sig hvort þetta hafi ekki verið heppnissigur hjá Mosfellingum. En þá var komið að leiknum að Varmá. Klukkutíma fyrir leik var húsið byrjað að nötra, pallarnir að verða troðfullir og lætin heyrðust upp í Dal. Stuðningsmennirnir okkar voru búnir að syngja sig hása löngu áður en leikurinn hófst.
Ég hef ekki orðið vitni að annarri eins stemmingu hjá Aftureldingu nema þá kannski í bikarúrslitaleiknum hér um árið sem við unnum. Baráttan og stemmingin í leikmönnum var slík að Gróttumenn voru teknir í rassgatið einsog það heitir á góðri íslensku og það segir meira en margt annað að við vorum með ellefu marka mun á tímabili. Vörnin var hrottalega góð og mér er minnisstætt þegar við vorum tveimur mönnum færri þá voru þeir svo þéttir, svo svakalegir og fótavinnan svo góð að það hefði mátt halda að við værum tveimur fleiri í vörninni. Stuðningsmenn Aftureldingar, sem hoppuðu og sungu allan tíman, eiga mikinn þátt í því að við spilum næsta vetur meðal þeirra bestu í N1-deildinni. Ef Afturelding spilar svona vel á næstu leiktíð og fær svona stuðning á pöllunum þá verðum við ekki mörg ár að fylla á bikarasafnið að Varmá.
Einhver spekingur sagði eitt sinn „Það er gott að búa í Kópavogi“ en það er betra að búa í Mosfellsbæ.

Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óska eftir einangrunarplasti
Okkur vantar vatnshelt einangrunarefni (á þak) á 150 fm. Hafið samband við Svavar Benediktsson s: 856-0074.

Vinnuherbergi til leigu
Til leigu vinnuherbergi á lítilli nuddstofu í Mosó. Hentar margskonar starfsemi. s. 8687096.

Hellur til sölu
Hellur á góðu verði „bæjarkubbar” 162 stk. 20x20x6 cm og 1140 stk. 10x10x6 cm. Alls tæpir 18 fermetrar. Uppl. í s. 588-6169.

Hlaupahjól í óskilum
Hlaupahjól fannst á víðavangi í Reykjahverfi. Eigandi getur vitjað þess í s. 8217255.

Saknar einhver reiðhjóls?
Sykee fullorðins reiðhjól hefur verið í óskilum í Arnartanga í margar vikur. Uppl. í s. 856 2006

Hattur í óskilum
Við vinnu sína í hreinsunarátaki bæjarins á dögunum fundu nokkrar stúlkur úr meistaraflokki kvenna í knattspyrnu þennan forláta hatt upp á Holtinu bak við gamla kaupfélagið. Eigandi hattsins getur vitjað hans í síma 8207255.

Hjóls saknað
Búið að stela hjólinu mínu, því var stolið föstudagskvöldið 9. apríl. Þetta er Mongoose Rockadile ALX Disc Blue (lady) hjól, ljósblátt með meðal lágri stöng. Vinsamlega látið mig vita ef þið sjáið það, fundarlaun í boði. Rannveig Dögg s: 8490604/ 8690279.

Bettý er týnd
Læðan Bettý strauk frá heimili sínu að Brattholti 2B. Hennar hefur verið sárt saknað frá 23. apríl. Síminn hjá eiganda er 690-5598.

Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi
stuðla að því að þú fáir blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!
Er með mótorhjólahermi, frábært fyrir byrjendur
Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara
Lárus Wöhler
löggiltur ökukennari

Cafe Kidda Rót
Háholti 13-15 › Sími: 552-8002
www.cafekiddarot.is

MOSFELLINGUR

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

UPP Í EFSTU DEILD

Mikil fagnaðarlæti brutust út í búningsklefa Aftureldingar eftir að liðið tryggði sér sæti í efstu deild í handknattleik. Liðið er skipað nær eingöngu heimamönnum.

Mynd/Magnús Már

Njóttu þess að búa í Mosfellsbæ

Útivistar-dagur Sjálfstæðis-flokksins í Mosfellsbæ

Krónuhúsinu, fimmtudaginn 13. maí

Frá kl: 14-16.
- Ratleikur fyrir fjölskylduna á hjólum.

Frá kl: 14-16.
- Krakkarnir fara á hestbak.

Kl. 14:00.
- Göngutúr fyrir 60 ára og eldri.

Kl. 11:00.
- Skátarnir og Mosfellsbær vígja gönguleiðir.

Hjá okkur í kosningamiðstöðinni verða svo pylsur á grillinu og kaffi á könnunni.

Allir velkomnir

Sjálfstæðisflokkurinn

D

ERUM FLUTT
Í HÁHOLT 14
Í MOSFELLSBÆ

BERG
FASTEIGNASALA

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Gleðilegt sumar
588 55 30

Fálkahöfði

Til sölu afar glæsileg 91 fm. þriggja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í fallegu fjölbýlishúsi í Fálkahöfða. Eignin er öll hin vandaðasta. Parket og flísar á gólfum. Útgengt úr stofu og herbergi á stórar suðursvalir. Sér inngangur. **V. 21 m.**

Þokkabakki - hesthús

Vel staðsett 70 fm. hesthús með 5 rúmgóðum tveggja hesta stíum fyrir samtals 10 hesta. Góður fóðurgangur, kaffistofa og hnakkageymsla. **V. 11,8 m.**

Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór-býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð. **V. 18,5 m.**

Þrastarhöfði

Nýkomin í sölu glæsileg 116 f. íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Flottar innréttingar. Eikarparket og skápar. Stór hellulögð verönd. Bílastæði í bílahúsi. Sér þvottahús og baðherbergi með flísalögnum í hólf og gólf. Nuddbaðkar.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólpallur. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á ódýrari eign koma til greina. **V. 36,8 m.**

Víðiteigur

78 fm. endaraðhús við Víðiteig í Mosfellsbæ. Parket á gólfum. Björt stofa. Baðherbergi flísalagt með góðum innréttingum. Góðir fataskápar. Rúmgott loft yfir sem er utan fermetratölu. Flottur garður. Laust strax. **V. 20,3 m.**

Þrastarhöfði

Mjög glæsileg og nýtískuleg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd auk stæðis í lokaðri bílageymslu. Flott íbúðmeð vönduðum innréttingum. Lækkað verð. **V.26,7 m.**

Völuteigur - til leigu

215 fm. atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Mosó. Flott bílastæði og góð aðkoma. Malbikað bílaplan. Húsnæðið er í topp viðhaldi og hentar undir ýmsa starfsemi. Góð lofthæð. Snyrting,kaffistofa,skrifstofa og gott geymslupláss. Stór vinnusalur.

Opið virka daga frá kl. 9-18 • Netfang: berg@berg.is • www.berg.is • Berg fasteignasala stofnuð 1989